



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. mars 2009 – 54. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



### Gullfalleg

Plata Lay Low fær góða umsögn í Sunday Times.

FÓLK 20

## Ábyrgð kjósenda

„Það erum við sem röðum á framboðslistana og berum ábyrgð á þeim,“ segir Jónína Michaelsdóttir. Því þurfi að vanda valið.

Í DAG 14

## Fleiri láta gera við

Réttingaverkstæði Jóa á Dalvegi var stækkað á dögnum og bætt við mannskap.

TÍMAMÓT 16




## Njarðvík vann Keflavík

Njarðvíkingar hafa unnið nágretta sína úr Keflavík í báðum leikjum liðanna í vetur.

ÍÞRÓTTIR 22



## VEÐRIÐ Í DAG



**STORMUR** Í dag verður norðaustan stormur á Vestfjörðum, annars mun hægari. Bætur þó heldur í vind víðast hvar í dag. Snjócoma norðvestan til og stöku él suðaustanlands. Frost um mestallt land.

VEÐUR 4

Áttu von á gestum?

Svefnsofar  
**Betra BAK**

# Forsetinn flaug níu sinnum í einkavélum

Ólafur Ragnar Grímsson fór níu flugferðir með þotum í eigu eða leigu íslenskra fyrirtækja á árunum 2005 til 2008. Forsetinn flaug til dæmis með vélum Novators, Glitnis og FL Group. Ráðuneytin leigðu þrisvar flugvélar á sama tímabili.

**SAMGÖNGUR** Íslenskir ráðamenn flugu alls tólf sinnum milli landa með flugvélum sem ekki voru í almennu farþegaflugi á árunum 2005 til 2008. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flaug alls níu sinnum með einkaþotum eða leiguvélum á vegum íslenskra fyrirtækja á tímabilinu.

Flugferðir forseta Íslands voru með vélum í eigu eða leigu Glitnis, Novators, FL Group, KB-banka (síðar Kaupþings banka), Actavis og Eimskipafélags Íslands. Þetta kemur fram í svari embættisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þannig flaug Ólafur Ragnar frá London til Sófíu í Búlgaríu með vél Novators í september 2005. Hann sótti landsleik Íslands og Búlgaríu, ræddi við ráðamenn um sókn íslenskra fyrirtækja í landinu og kynnti sér forvarnir gegn fíkniefnum.

Í september 2007 fór Ólafur Ragnar í riflega sólarhringsferð til Leeds á Englandi með leiguvél á vegum Eimskipafélags Íslands. Forsetinn flutti ávarp við opnun skrifstofubyggingar Eimskipafélagsins, heimsótti Háskólann í Leeds og sæmdi tvo menn fálka-

orðunni fyrir framlag til kynningar á íslenskrum menningu.

Ráðuneytin hafa ekki notað einkaþotur eða leigðar þotur í sama mæli. Í svörum allra ráðuneyta við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að samtals var um þrjár ferðir að ræða á tímabilinu.

Forsætisráðuneytið leigði tvisvar þotur, til að koma ráðherrum á fundi í Rúmeníu og Norður-Svíþjóð. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leigði einu sinni vél til að koma starfsmönnum ráðuneytisins á fund á vesturströnd Grænlands.

- bj / sjá síðu 6

## Forsætisráðherra um þingrof: Þingið þarf að fá lengri tíma

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir segist efast um að þing nái að afgreiða öll mál sem þarf fyrir 12. mars. Þá má í fyrsta lagi rjúfa þing, verði kosið 25. apríl. Jóhanna sagði í gær að þingið



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

starfaði jafnvel fram til 4. apríl.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Jóhönnu út í þingrof. Hann sagðist ekki trúa því að löggjafarþingið sæti nánast

fram að kosningum við þessar aðstæður og alls ekki ef afgreiða þyrfti stjórnarskrárbreytingu.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, bauð aðstoð Sjálfstæðisflokksins við að koma góðum málum í gegnum þingið. „Við leggjum þá öllum öðrum málum til hliðar og ræðum eingöngu efnahags- og atvinnumál á þeim fáu dögum sem eftir eru af þinginu.“

- kóp

Tölvuþrjótur á ferð:

## Hakkarar herja nú á Facebook

**TÆKNI** Facebook-netsíðukerfið hefur orðið fyrir fimm alvarlegum árásum tölvuþrjóta á einni viku. Þeir koma fyrir ornum í skilaboðum og nýjungum sem notendur geta bætt við síður sínar. Ormarnir sækja síðan persónulegar upplýsingar og koma þeim áfram til aðila sem reyna að hagnast á þeim.

Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, segir Facebook áfram verða það opna samfélag sem það er. Þeir sem lenda í vandræðum með vírusa geta leitað sér leiðbeininga á síðunni. Einn ormurinn, svo dæmi sé tekið, er fallinn í fölsku Youtube-viðhengi sem gjarnan er myndskreyting af síðu notandans.

- kóp



**YFIRGEFA HEIMILIÐ** Fjölskyldan að Ljósalandi á Bolungarvík yfirgef heimili sitt í gærkvöldi vegna snjóflóðahættu. Þau höfðu tíma til að taka það allra nauðsynlegasta með. Þetta er í fyrsta sinn sem heimili þeirra er rýmt. MYND/HAFPÓR GUNNARSSON

Fjórtán þurftu að yfirgefa hús sín í Bolungarvík vegna snjóflóðahættu:

## Þetta er vissulega óþægilegt

**VEÐUR** Rýma þurfti fjögur hús í Bolungarvík í gærkvöldi vegna snjóflóðahættu og þurftu fjórtán manns að yfirgefa heimili sín undir Traðarhyrnu. Viðbúnaður var einnig á Ísafirði, en ekki hættustig. Yfirvöld meta stöðuna aftur nú fyrir hádegi eftir veðri og snjálögum.

„Jú, þetta er vissulega óþægilegt, en við höfum svo sem ekki miklar áhyggjur. Það er samt alveg óhætt að hafa vaðið fyrir neðan sig, því það er talsvert mikið af snjó hér núna. Meira en ég hef lengi séð,“ segir Sigurður Kjartan Hálfðánarson. Hann

þurfti að rýma hús sitt við Ljósaland ásamt Málfríði Þorvaldsdóttur konu sinni og þremur börnum: Bernódusi fimm ára, Guðrúnu Freyju þriggja ára og Ólafi Hafsteini eins og hálf árs gömlum.

Sigurður, sem er alinn upp á Bolungarvík, segir þetta í fyrsta skipti sem fjölskyldan þurfi að yfirgefa hús sitt.

„Við höfum hingað til horft á aðra fara en lendum nú í þessu. Annars tel ég mig fullfæran til að meta hvort það þurfi að fara úr húsinu eða ekki.“

Fjölskyldan fékk inni hjá móður Sigurðar í bænum. Hann segir

krakkana taka þessu vel; úr þessu verði ævintýri hjá ömmu.

Þrjár fjölskyldur fengu inni hjá ættingjum og vinum, en sveitarfélagið útvegaði einni fjölskyldu húsnæði.

Töluverð snjócoma hefur verið í Bolungarvík. Í gærkvöldi hafði úrkoman mælst rúmum 20 mm á sólarhring. Í gærkvöldi var spáð nokkuð hvassri norðvestan átt en í þeirri vindátt skapast aukin hætta á snjóflóði í Traðarhyrnu. Í febrúar árið 2007 voru aðstæður svipaðar en þá féll snjóflóð á hús við Dísarland. Í gær voru hús við Ljósaland og Traðarland rýmd.

- kóp

**lfö** Tengi

Mikið úrval af upphengdum salernum

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050





Sigursveinn, þýðir þetta að þú sért orðinn hetjutenór?

„Já, ég er brjáláður hetjutenór.“

Fyrum Luxor-söngvarinn Sigursveinn Þór Arnason stökk inn í aðalhlutverkið í rokk-óperunni !Hero, sem frumsýnd verður í Loftkastalanum á föstudagskvöld, með litlum fyrirvara.

Slys skammt frá Akranesi:

## Maður lést í umferðarslysi

**SLYS** Karlmaður úr Reykjavík, fæddur árið 1963, beið bana þegar bill hans fór út af veginum milli Akraness og Hvalfjarðarganga á sunnudagskvöld.

Ókumaðurinn var einn í bílnum, sem fór nokkrar veltur þegar hann fór út af veginum. Maðurinn kastaðist út úr bílnum og er talinn hafa látist samstundis.

Lögreglan á Akranesi og rannsóknarnefnd umferðarslysa unnu að rannsókn slyssins í gær. Óskað er eftir vitnum að slysinu.

Ekki er unnt að birta nafn mannsins að svo stöddu.

- kg



**NEFNDIN KYNNT** Geir segir hlutverk endurreisnarnefndar flokksins að horfa til framtíðar en ekki fortíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ásta Möller biðst afsökunar:

## Geir vill horfa til framtíðar

**STJÓRN MÁL** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, vill að endurreisnarnefnd flokksins horfi til framtíðar en ekki fortíðar. Hörð gagnrýni er sett fram á flokkinn í áliti undirnefndar. Geir sagði í fréttum Rúv í gærkvöldi að málfrelsi ríkti og menn gætu gagnrýnt að vild. Hann mundi þó ekki tjá sig um skýrsludrögin.

Ásta Möller, þingmaður flokksins, baðst í sama fréttatíma afsökunar á því að hafa ekki staðið sig betur sem kjörinn fulltrúi. Hún hefði átt að bregðast við þegar bankakerfið stækkaði til muna og hrundi að lokum.

- kóp

Þórmörk keypti útgáfufélag Morgunblaðsins af Íslandsbanka á tvo milljarða:

## Afskriftir um 2,9 milljarðar

**VÍÐSKIPTI** Landsbankinn og Íslandsbanki, áður Glitnir, þurfa að afskrifa samtals um 2,9 milljarða króna vegna sölu á Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis var kaupverð Árvakurs tveir milljarðar króna. Af þeirri upphæð fá bankarnir 1,7 milljarða upp í skuldir, og 300 milljónir verða nýtt hlutafé Árvakurs. Þórmörk, félag í eigu Óskars Magnússonar og fleiri, átti hæsta boðið í fyrirtækið.

Skuldir Árvakurs voru um 4,6 milljarðar króna. Félagið skuldaði Íslandsbanka um 3,7 milljarða,

og Landsbankanum um 860 milljónir króna. Þegar Þórmörk hefur greitt 1,7 milljarða upp í skuldirnar standa eftir um 2,9 milljarðar sem bankarnir tveir þurfa að afskrifa.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, spurði fjármálaráðherra á Alþingi í gær hvort salan á Árvakri yrði fordæmi fyrir önnur félög. Taldi hann farið inn á vafasama braut með miklum afskriftum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði þetta ekki endilega fordæmi fyrir önnur fyrirtæki, meta yrði hvert mál fyrir sig. Málið sé á forræði bankanna.

- bj



**EKKI FORDÆMI** Sala Íslandsbanka á Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, gefur ekki endilega fordæmi, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Yfirheyrslur leynipjónustu:

## CIA eyddi 92 upptökum

**BANDARÍKIN** Bandaríska leynipjónustan CIA hefur viðurkennt að upptökum af yfirheyrslum yfir 92 meintum hryðjuverkamönnum hefur verið eytt. Áður hafði CIA aðeins viðurkennt að tveimur upptökum hafði verið eytt, að því er fram kemur á vef BBC.

Bandarísk mannréttindasamtök hafa stefnt leynipjónustunni til að freista þess að fá upplýsingar um aðferðir sem beitt er við yfirheyrslur. Telja samtökin að starfsmenn CIA hafi meðal annars notað vatnsþpyntingar. CIA segist nú leita annarra upplýsinga um það sem fram fór við yfirheyrslurnar.

- bj

## Óttinn breiðist út í Kaupmannahöfn

Tveir myrtir og fjögur særð eftir þrjár skotárásir í Kaupmannahöfn um helgina. Átök milli Vítisengla og ungra innflytjenda verða æ harðari. Íslenskur fréttaljósmyndari í Kaupmannahöfn þarf að nota skothelt vesti í vinnunni.

**KAUPMANNAHÖFN** Ekkert lát er á átökum ungra innflytjenda í Danmörku við Vítisengla. Nú um helgina voru tveir menn myrtir í þremur skotárásum og fjórar manneskur særðust, þar af einn Færeyingur alvarlega.

„Eftir að þetta fór að stigmagnast þórir maður varla á vettvang lengur,“ segir Teitur Jónsson, fréttaljósmyndari í Kaupmannahöfn, sem er farinn að nota skothelt vesti í vinnunni, rétt eins og aðrir ljósmyndarar og blaðamenn sem fjalla um þessi átök.

Seint á sunnudagskvöld réðust tveir grímklaðdir ungrir innflytjendur inn á kaffihús á Amagereyju og hófu skothríf. Fyrir skotunum varð þrítugur maður, sem lét lífið. Einnig særðust tveir ungrir menn, 19 og 20 ára gamlir, og 32 ára gömul kona. Kaffihúsið er við hliðina á bælistöð Vítisengla í götunni, og ekki virðist fara á milli mála að árásinni hafi verið beint að þeim.

Á föstudaginn var íraskur maður myrtur á Norðurbrú og á laugardag var skotið á 32 ára gamlan Færeying, sem enn liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi.

Allt þetta fólk virðist hafa haft lítil sem engin tengsl við klíkkurnar, sem standa í þessum átökum. Gagnkvæm tortryggni og hefndarhugur virðist magna upp taugaspennu þannig að skotið er á fólk bara ef það virðist hugsanlega vera tengt andstæðingunum.

„Þessi Færeyingur var bara að fara á tónleika ásamt vini sínum. Þeir voru að skima í kríngum sig í hverfinu og virtust eitt-



**HERTAR LÖGREGLUADGERÐIR** Ástandið í Kaupmannahöfn er orðið þannig að lögreglan stöðvar bifreiðar fyrirvaralaust og leitar í þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

hvað grunsamlegir, þannig að þeir voru stöðvaðir. Svo gefur bílstjórninn í og þá er skotið á bílinn. Færeyingurinn sem sat í farþegasætinu varð fyrir skoti,“ segir Teitur.

Átökin hófust í ágúst þegar ungrir innflytjandi var myrtur í Tingbjerg, úthverfi norðan til í Kaupmannahöfn, þar sem innflytjendur eru í miklum meirihluta. Sá sem er grunaður um þann verknad er meðlimur í vélhjólasamtökunum AK81, sem eru stuðningssamtök Vítisengla.

„Síðan hefur þetta gengið á víxl fram

TEITUR JÓNASSON

og til baka. Nú eru skotárásirnar komnar upp í 29,“ segir Teitur.

Fyrir hálfum mánuði versnaði ástandið um allan helming og síðan þá hefur verið nánast stríðsástand á Norðurbrú, þar sem fjölmargir Íslendingar búa.

Stjórnvöld virðast nánast ráðalaus gagnvart þessu ástandi. Fjölgað hefur verið í lögreglulíðinu á götum Kaupmannahafnar og aðgerðir lögreglunnar hertar mjög.

„Það lítur út fyrir að þeir skjóti bara hvar sem þeim sýnist núna,“ sagði Ritt Bjerregaard, borgarstjóri Kaupmannahafnar, í viðtali við Jótlandspóstinn.

gudsteinn@frettabladid.is

Tveir milljarðar greiddir úr atvinnuleysistryggingasjóði um mánaðamótin:

## Aldrei meira greitt í bætur

**ATVINNUMÁL** Um fjórtán þúsund manns fá greiddar atvinnuleysisbætur um þessi mánaðamót. Heildarupphæðin nemur um tveimur milljörðum króna, sem er hæsta upphæð sem atvinnuleysistryggingasjóður hefur greitt út í einu lagi frá upphafi.

Alls eru 16.411 skráðir atvinnulausir hjá Vinnu-málastofnun, þar af eru karlar 10.444 og konur 5.967. Frekari sundurlíðun liggur ekki fyrir en von er á skýrslu síðar í mánuðinum. Um síðustu mánaðamót voru 13.280 atvinnuleysisskrá. Atvinnulausum hefur því fjölgað um ríflega þrjú þúsund á einum mánuði.

Vegna þess hversu umfang greiðslanna er mikið tók það starfsfólk Vinnu-málastofnunar töluverðan tíma að ganga frá þeim. Var fólk beðið um að sýna þolinmæði þótt greiðslurnar bærust í seinna lagi.

Að sögn Líneyjar Árnadóttur, forstöðumanns Vinnu-málastofnunar á Norðurlandi vestra, sem sér um greiðslukerfið, námu greiðslurnar í gær tæpum tveimur milljörðum. Hún segir hins vegar að búast megi við að gengið verði frá einhverjum greiðslum næstu daga, svo líklegt sé að heildartalan skríði yfir tvo milljarða.



**MIKIÐ ATVINNULEYSI** Alls eru nú á sautjándra þúsund skráðir atvinnulausir hérlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um síðustu mánaðamót greiddi Vinnu-málastofnun 9.500 einstaklingum út bætur.

- sh

STERKA KONU Í FORYSTU!

ÓLÖF 2.-3. NORDAL SÆTI

www.olofnordal.is

Kjósum Ólöfu Nordal í 2.-3. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna 13.-14. mars 2009

Verið velkomin á kosningaskrifstofu mína að Laugavegi 178, 4. hæð. Sími 840 6464 - Opíð frá 14-21.



# 100 KRÓNUR

AF HVERJUM SELDUM PAKKA RENNUR TIL ÁTAKSINS [karlmennogkrabbamein.is](http://karlmennogkrabbamein.is)\*



Nicotinell styrkir

[Karlmennogkrabbamein.is](http://Karlmennogkrabbamein.is)



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

\*Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaksins [karlmennogkrabbamein.is](http://karlmennogkrabbamein.is)

Nicotinell

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykningum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið var reykt. Lyfjatyggigúmmi: skammtar mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Munnsogstöflur: skammtar af 1 mg mega aldrei vera stærri en 30 stykki á dag og af 2 mg mest 15 stykki á dag. Plástrar: skammtar eru einn plástur á sólarhring, hvaða styrkleika skal nota fer eftir því hversu mikið var reykt. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaröreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 18 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	114,46 115
Sterlingspund	162,47 163,25
Eúra	144,09 144,89
Dönsk króna	19,337 19,451
Norsk króna	16,009 16,103
Sænsk króna	12,472 12,546
Japanskt jen	1,1771 1,1839
SDR 167,68 168,68	

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
177,9548  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Frumvarp um afnám eftirlaunalaganna fer í aðra umræðu á þingi:

# Eindregið mælt með afnámi

**ALÞINGI** Þær umsagnir sem borist hafa efnahags- og skattaneftnd vegna afnáms laga um eftirlaun forseta, ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara eru öll jákvæð. Björgvin G. Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir að frumvarpið hafi verið afgreitt í gærmorgun út úr nefnd í aðra umræðu á þingi.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Fjármálaráðherra leggur til að almennar reglur um lífeyriskjör opinberra starfsmanna nái yfir þingmenn, ráðherra, forseta og hæstaréttardómara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ASÍ, Prestafélag Íslands og BSRB fagna öll frumvarpinu og mæla með að þau verði samþykkt. ASÍ og BSRB minna á að í gildandi lögum um eftirlaun þessara stétta felist forréttindi, sem samtökin hafi mótmælt frá upphafi. Í sama streng tekur Prestafélagið, sem segir ekki ástæður til að hafa

sérlög um eftirlaun þessara stétta, um þær eigi að gilda sömu lög og um aðrar embættisstéttir. Þá leggur

Viðskiptaráð það einnig til að frumvarpið nái fram að ganga. Þó segir Viðskiptaráð í umsögn sinni að það þurfi að tryggja að starf alþingismanna sé eftirsóknarvert. Slíkt sé gert með bættu starfsumhverfi eða bættum starfskjörum. „Það er nauðsynlegt að störf alþingismanna verði gerð eftirsóknarvert,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. „Hættan er sú að við sitjum uppi með störf sem gott fólk sækist ekki eftir.“

Ekki sé hægt í núverandi umhverfi að horfa til hækunar launa alþingismanna. Því verði að horfa til starfsumhverfisins til að efla áhuga fólks á þingstörfum. - ss

Tilboðsfrestur að renna út:

# Örlög Senu ráðast í dag

**VIÐSKIPTI** Lokafrestur til að skila inn bindandi tilboðum í Senu rennur út klukkan 16 í dag og mun þá liggja ljóst fyrir hver þeirra fjögurra tilboðsgjafa hafi skilað inn hæsta boði í afþreying-arfyrtækí.

Straumur hefur séð um söluferlið fyrir hönd Íslenskrar afþreyingar. Í framhaldinu verða kaupsamningar gerðir.

Undir Senu eru fjögur kvikmyndahús, þar af þrjú á höfuðborgarsvæðinu, verslanir Skífunnar og netveitur, svo sem tónlist.is og einkamáli.is auk viðburðafyrtækisins Bravó.

- jab

Þingflokkur sjálfstæðismanna:

## Umboðsmaður skoði setningu

**STJÓRNSÝSLA** Þingflokkur sjálfstæðismanna ræddi á fundi í gær hugsanlegt stjórnarskrárbrót við setningu norsks seðlabankastjóra, en mun ekki aðhafast frekar í málinu.

„Við óskum nýjum seðlabankastjóra bara góðs gengis, en teljum almennt að það sé mjög mikilvægt að greiða úr þessari óvissu,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir þingflokksformaður.

Sigurður Líndal prófessor hefur lýst efasemdum sínum um málið og Arnbjörg segir að forsætisráðherra, sem fer með málefni Seðlabanka, hljóti sjálf að vilja fá úr þessu skorið.

„Nú eða umboðsmaður Alþingis, hann hefur tekið upp mál af minna tilefni,“ segir hún. - kóp

Fjármálaráðherra á Alþingi:

## Mun ódýrara loftrýmisseftirlit

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra upplýsti á Alþingi í gær að fyrirhugað loftrýmisseftirlit Dana yrði mun ódýrara en það eftirlit sem þegar hefur farið fram. Hann nefndi að það mundi kosta um tíu milljónir króna. Á fjárlögum var gert ráð fyrir um 100 milljónum í loftrýmisseftirlit Frakka og Bretana, en það fyrrnefnda fór fram á síðasta ári.

Í svari við óundirbúinni fyrirspurn Jóns Gunnarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sagði Steingrímur helst vilja afnema eftirlitið. „Ég veit ekki um neitt sem ógnar okkur sem Danir geta aðstoðað okkur við.“ - kóp

### LEIÐRÉTTING

Rangt var haft eftir Friðriki Smára Björgvinssyni í frétt um sölu á þýfi á vefsíðum sem birtist á laugardaginn. Ekki hefur verið reynt að selja þýfi á haninn.is.



**FORYSTA FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir úrræðaleysi á heimasiðu sinni. Stjórnin hafi ekki hugað nóg að efnahagsmálum og lagt fram fjölda frumvarpa sem biða mættu næstu stjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Framsókn segir ríkisstjórn úrræðalaus

Formaður Framsóknarflokksins segir ríkisstjórnina úrræðalaus. Flest mál sem hún hafi lagt fram mættu biða næstu ríkisstjórnar. Framsókn kallar eftir tillögum í efnahagsmálum. Fjármálaráðherra hefur ekki heyrt af óánægjunni.

**STJÓRN MÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, er harðorður í garð stjórnarflokkanna tveggja á heimasiðu sinni. Hann sakar þá um úrræðaleysi og að stjórnin hafi ekki uppfyllt þau skilyrði sem Framsóknarflokkurinn setti þegar hann lofaði að verja stjórnina hlutleysi.

„Það hafa hrúgast inn alls konar frumvörp frá stjórninni og margt af því eru ágætis mál, en þau mega alveg biða næstu ríkisstjórnar,“ segir Sigmundur. Spurður hvaða mál það eru segir hann: „Það á við um flest mál stjórnarinnar.“ Sigmundur segir stjórnina hafa átt að einbeita sér að efnahagsmálum og endurskoðun stjórnarskrár.

Hann segir þó ekki að Framsóknarflokkurinn muni hætta stuðningi við stjórnina. Kannski

hefði verið réttara að fá efnahagsáætlun stjórnarinnar fyrirfram áður en stuðningi var lofað. „Við kynntum okkar tillögur og þeim ber engin skylda til að taka undir þær. En ef þau ætla sér að slá þær út af borðinu hefðum við viljað að þau legðu eitthvað annað fram í stað þess að segja bara: Ekki þetta.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segist ekki hafa séð gagnrýni Sigmundar. Hann hafi fundað nokkuð með honum undanfarið en ekki orðið var við þessa óánægju. „Þessi mál hafa verið í nokkuð góðum gir hjá okkur; fyrstu mál eru að koma úr nefnd nú í vikunni, fyrir utan lög um Seðlabankann sem er lokið.“

Steingrímur segir að beðið sé eftir úttekt Seðlabankans á stöðu heimilanna og í framhaldi af því

yrði ákveðið hvernig tekið yrði á vandanum. Um mikilsverða upplýsingaöflun sé að ræða um stöðu heimilanna, sem ætti að skýrast í þessari viku. „Þetta er mikilvægur grunnur til að byggja alla skoðun á í framhaldinu. Þá má nefna að mál eru að koma úr nefnd eins og um greiðsluáðlögun.“

Steingrímur segist ekki óttast að Framsóknarflokkur falli frá stuðningi sínum. „Nei, samstarfið hefur verið gott og ég hef engar áhyggjur af því að þeir hlaupi frá loforði sínu. En ég bíð eftir að heyra í honum og heyra hvað hann á við.“

Sigmundur Davíð sat fund með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í gær, þar sem meðal annars var rætt um tillögur Framsóknar. Hann segist bundinn trúnaði, en fundurinn hafi gengið vel.

kolbeinn@frettabladid.is

Utankjörfundur í Sjanghaí:

## Kosning verður endurtekin

**KOSNINGAR** Tuttugu manna hópur Íslendinga í Sjanghaí, sem fékk að kjósa utan kjörfundar nú um helgina, þarf að kjósa aftur, samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu.

Nú liggur fyrir að kosning fór fram of snemma og líklega verður hún endurtekin. Að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið var ákveðið að nýta för íslensks diplómats til Sjanghaí, til að spara Íslendingum þar langa ferð til Beijing. Forseti getur hins vegar ekki boðað formlega til kosninga fyrir en 12. mars, eigi kosningar að fara fram 25. apríl, og geta kosningar utan kjörfundar því ekki hafist fyrir en eftir níu daga. - ss

Alþingi ræðir landbúnaðinn:

## Áburðarverð að sliga bændur

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðaráráðherra, segir að skoða verði hvort bjargráðasjóði verði ekki



**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**

beitt til að aðstoða bændur vegna hás áburðarverðs. Þá verða heimildir í lögum nýttar til að bjóða bændum að gera aukauppgjör á virðisaukaskatti með vorinu.

Þetta kom fram í utandagskrár-umræðum í gær sem Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, átti frumkvæði að. Hann kallaði meðal annars eftir afstöðu Steingríms til innflutnings á hráu kjöti frá ESB. Steingrímur sagði fyrrum framsóknarráðherra hafa samið við ESB og úr þeirri skuldbindingu þyrfti að vinna. - kóp

## MYNDLIST á Stokkseyri

Kennari **Sjofn Har** sem er Cand phil í myndlist

Myndlist I	10.mars - 5.maí	kl.19.30-22.30
Myndlist II	9.mars - 27.apríl	kl.19.30-22.30
Myndlist III	11.mars - 5.maí	kl.19.30-22.30

**Viðurkenningarskjal.** Ath. styrk frá fagfélagi  
**Uppl.** um námskeiðin á [www.sjofnhar.com](http://www.sjofnhar.com) eða í síma **894 0367** og skráning á [sjofnhar@sjofnhar.com](mailto:sjofnhar@sjofnhar.com)

Staður: **LISTASKÁLINN** á torginu **STOKKSEYRI**




## VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

### VONSKUVEÐUR Á VESTFJÖRÐUM

Núna með morgninum má búast við norðaustan stormi á Vestfjörðum samfara töluverðri snjókomu og skafrenningi og stórhrið á heiðum. Áberandi hvassast verður vestast og nyrst en einnig á eftir að hvesa á suðurkjörðunum og á Ströndum. Það er því vart ferðaveður á þessum svæðum í dag.

**Á MORGUN** Viðast 8-15 m/s, hvassast austan og suðaustan til.



**FIMMTUDAGUR** 5-10 m/s

### HEIMURINN

Alicante	15°
Amsterdam	8°
Basel	7°
Berlin	9°
Billund	5°
Eindhoven	8°
Frankfurt	10°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	17°
London	9°
New York	-2°
Orlando	17°
Osló	1°
París	11°
Róm	14°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s. Hitastigi eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Í sviðsljósinu! - Chiro heilsurúm

Vandaðar kantstyrkingar •  
Hreyfing í dýnu  
aldrei verið minni!

• Val um ConformaFoam heilsu- og hægindalag  
með Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni.

• Eurotop - betur nýttur svefnflötur.

Val um 3 liti á botni •  
– Svart leður  
– Hvítt leður  
– Brúnt leður

• 5 ára ábyrgð á gormakerfi.

• 7 svæða heilsu og hægindalag.

• Val um 3 gerðir af löppum  
– Hvíttuð Eik  
– Chrome  
– Wenge

## Nú á 30% afslætti

Dæmi: 160x200 cm  
Verð áður kr. 240.900,-  
**Nú aðeins kr. 168.630,-**

Dæmi: 180x200 cm  
Verð áður kr. 274.800,-  
**Nú aðeins kr. 192.360,-**

mundu eftir hvíldinni !

### Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

### Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

### Styður við bakið á þér

- Þægilegur svefn.
- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Lagar sig að hálsi, öxlum og mjóhrygg.
- Veitir slökun.
- Stuðningur við bak.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra**  
**BAK**





Ferð þú á árs hátíð?

Já	36,4%
Nei	63,6%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Muntu kjósa í prófkjöri einhvers stjórnmálaflokkanna?

Segðu þína skoðun á visir.is



Styrkur Alcoa til Hjálparstarfs kirkjunnar nýttur í ráðgjafarstarf:

# Fjórfalt fleiri sækja um aðstoð

**HJÁLPARSTARF** „Auðvitað er það ekki skref í rétta átt fyrir neinn að leita aðstoðar hjá okkur, en ég minni þó á að það er engin smán fólgin í að leita til okkar eða annarra aðila. Þeir sem leita til okkar er venjulegt fólk sem ber að virða,“ segir Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. Jónas tók í gær við 5,8 milljóna króna styrk úr Samfélagssjóði Alcoa í Bandaríkjunum. Við það tilefni kom fram að í febrúar höfðu fjórfalt fleiri sótt um aðstoð miðað við sama mánuð í fyrra.

Að sögn Jónasar hefur þeim fjölgað mjög nýverið sem sækja um aðstoð í fyrsta sinn. Mesta



**MIKIL ÞÖRF** Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, afhenti Jónasi Þóri Þórissoni hjá Hjálparstarfi kirkjunnar styrk upp á 5,8 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fjölgunin er meðal fólks sem hefur misst vinnuna, og þar af eru mið-

aldrá karlmenn langfjölmennastir. Fjölgunin er greinileg alls staðar á landinu.

Hjálparstarfið veitir öllum sem til þess sækir tækifæri til að ræða endurgjaldslaust um vandræði sín við ráðgjafa. Jónas segir að styrkur Alcoa muni renna til frekari styrkingar ráðgjafarstarfsins auk þess að fjölga í matarbúri starfsins, en úthlutun matar og helstu nauðsynjavara til fólks sem er illa stött fer fram tvisvar í viku.

Jónas segir nauðsynlegt að þjóðfélagið breyti viðhorfi sínu til samfélagslegrar aðstoðar að núverandi efnahagsaðstæðum.

- kg

Mosaic Fashions stokkað upp:

# Kaupþing tekur bestu eignirnar

**VIÐSKIPTI** Breska verslanakeðjan Mosaic Fashions óskaði eftir greiðslustöðvun í gær. Kaupþing og stjórnendur félagsins hafa tekið yfir stærstu hluti hennar.

Nýtt eignarhaldsfélag hefur verið stofnað um reksturinn sem heitir Aurora Fashions en Principles og Shoe Studio hafa verið settar í söluferli, að því er fram kemur í tilkynningu frá Kaupþingi.

Baugur átti 49 prósentu hlut í Mosaic Fashions. Kaupþing, sem átti fimmtung áður, fer nú með 90 prósent ásamt stjórnendum sem eiga afganginn.

- jab

**Kryddum upp á tilveruna!**

**Nú í kilju**

Jóhanna Vigdís býður þúkur heim í eldhúsi

**Í matinn er þetta helst**

Jóhanna Vigdís býður þúkur heim í eldhúsi

www.forlagid.is



ERUM BÚIN AÐ OPNA AFTUR EFTIR VATNSTJÓN


KÆRLEIKSKVEÐJA

**Sigga & Timo**

GULLSMÍÐI

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

## Flugferðir með einkaþotum og leiguvélum



# Forsetinn í níu ferðir utan áætlunarflugs

Ráðuneytin hafa þrisvar leigt flugvélar fyrir ráðherra eða starfsmenn á síðustu fjórum árum, á kostnað ráðuneytanna. Forseti Íslands hefur á sama tíma flogið níu sinnum utan áætlunarflugs, til dæmis með þotum Glitnis og Novators.

**SAMGÖNGUR** Forseti Íslands hefur í níu tilvikum á síðustu fjórum árum flogið milli landa með þotum utan reglulegs áætlunarflugs. Fyrirverandi forsætisráðherra fór tvær slíkar ferðir og fyrirverandi utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra fóru eina ferð hvor.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flaug tvisvar með flugvélum á vegum Glitnis og Novators á árunum 2005 til 2008, og einu sinni með vélum FL-Group, KB-banka (síðar Kaupþings banka) Actavis og Eimskipafélags Íslands.

Þetta kemur fram í ýtarlegu svari embætti forseta Íslands við

fyrirspurn Fréttablaðsins. Upplýsingar um ferðir forseta og ráðherra má sjá á meðfylgjandi korti.

Í svari forsetaembættisins er tvívegis tekið fram að hefði verið flogið með áætlunarflugi hefði forseti ekki náð að sitja mikilvæga fundi, þar á meðal með Hu Jintao, forseta Kína.

Forsætisráðuneytið hefur í það minnsta tvisvar tekið þotu á leigu til millilandaflugs. Ekki náðist að staðfesta upplýsingar vegna ársins 2006 í gær. Rétt er að geta þess að starfsmenn Fréttablaðsins voru með í för í báðum ferðum.

Sjávarútvegs- og landbúnaðar-

ráðuneytið hefur einu sinni leigt flugvél til að koma starfsmönnum á fund á Grænlandi. Ráðherra var ekki með í för.

Óskað var eftir upplýsingum frá öllum ráðuneytum um millilandaflug utan hefðbundins áætlunarflugs þar sem ráðherrar, starfsmenn ráðuneyta eða starfsmenn undirstofnana ráðuneyta voru farþegar. Öll ráðuneyti utan við forsætisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið staðfestu að ekki hafi verið notast við einkaþotur, hvorki hjá ráðuneytum né undirstofnunum.

brjann@frettabladid.is

Sósíalistar unnu kosningasigur í baskahéruðum Spánar:

# Þjóðernissinnar urðu undir

**SPÁNN, AP** Í nærri þrjá áratugi hafa baskneskir þjóðernissinnar unnið hvern kosningasigurinn á fætur öðrum í baskahéruðum Spánar, þar sem háværar kröfur hafa verið uppi um aðskilnað frá Spáni og stofnun sjálfstæðs ríkis.

Um helgina gerðist það hins vegar í sveitarstjórnarkosningum að Sósíalístaflokkurinn fékk fleiri atkvæði en aðskilnaðarsinnar. Enginn flokkur náði þó meirihluta á 75 sæta héraðsþinginu.

Þingsætum sósíalista fjölgaði úr 18 í 24, en þjóðernissinnar misstu tvö þingsæti og fengu nú 30. Þjóðernissinnar hafa ekki haft meirihluta á þingi, heldur myndað samsteypustjórn með smærri flokkum, þar á meðal flokki sem fékk ekki að bjóða fram nú vegna stuðnings hans við aðskilnaðarsamtökin ETA.

Patxi Lopez, leiðtogi sósíalista í baskahéruðunum, vonast nú til að mynda ríkisstjórn, sem þó gæti reynt þrautin þyngri og er almennt reiknað með að stjórnarmyndunarviðræðum ljúki ekki næstu vikurnar.

Sigur sósíalista í baskahéruðunum þykir hins vegar ótvíræður sigur fyrir ríkisstjórn Spánar, þar



**LEIÐTOGI SÓSÍALISTA Á KJÖRSTAÐ** Patxi Lopez, leiðtogi sósíalista í baskahéruðunum, ásamt eiginkonu sinni á kjörstað í Bilbao.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

sem sósíalistinn Jose Luis Rodriguez Zapatero er í forsæti.

Viðar á Spáni urðu breytingar í héraðsstjórnarkosningum á sunnudag. Þannig misstu sósíalistar nauman þingmeirihluta í Galícíu, þar sem íhaldsmenn unnu sigur.

- gb





Með bílinn handa þér



### Hyundai i30 SW

5 dyra, bensín og beinskiptur.  
Áður kr. 2.960.000

**2.290.000**

Örfá eintök í boði

# LÆKKUN Á LÍNUNA

ALLIR NÝIR HYUNDAI BÍLAR Á EINSTÖKUM KJÖRUM  
Í TAKMARKAÐAN TÍMA. HÉR ERU NOKKUR VERÐDÆMI:



### Hyundai i10

5 dyra, bensín og beinskiptur.  
Áður kr. 1.880.000

**1.390.000\***



### Hyundai Getz

5 dyra, bensín og beinskiptur.  
Áður kr. 2.250.000

**1.670.000\***



### Hyundai i30

5 dyra, bensín og beinskiptur.  
Áður kr. 2.960.000

**2.290.000\***



### Hyundai Sonata

4 dyra, bensín og sjálfskiptur.  
Áður kr. 3.540.000

**2.650.000\***

**GÓÐ  
KAUP**

HYUNDAI bílar bila minna  
en flestir aðrir bílar\*\*



**HYUNDAI**  
www.hyundai.is





1. Hversu stór var skjálftinn undir Vatnajökli um helgina?
2. Hve margar heyrnarlausar konur útskrifuðust frá Háskólanum á laugardag?
3. Frá hvaða landi er kassadaman Francisca Mwansa?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Saksóknari efnahagsbrota bíður eftir frekari gögnum frá Landsbankanum:

# Millifærslumálið langt komið

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur tekið skýrslu af Hauki Þór Haraldssyni, þeim sem millifærði 107 milljónir króna inn á eigin reikning í aðdraganda bankahrunsins.

Málið mun vera langt komið í rannsókn, en deildin bíður nú eftir frekari gögnum frá Landsbanka. Haukur var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs gamla bankans.

Þetta er eina málið, sem tengist bankahruninu beint, sem efnahagsbrotadeild rannsakar.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, segir þetta stafa af því að öllum slíkum málum hafi átt að beina til sérstaks sak-

sóknara efnahagshrunsins, frá stofnun þess embættis, 1. febrúar.

Í þá þrjú mánuði sem stofnun embættisins var til umræðu hafi efnahagsbrotadeild ekki farið út í viðamiklar rannsóknir á efnahagshruninu, enda hafði þá verið boðuð stofnun embættis sérstaks saksóknara. Síðan hafi stofnun embættisins dregist í meðförum þings og eins hafi treglega gengið að finna saksóknara til að sinna því. En hvort fyrrgreitt mál fari til sérstaks saksóknara, sé vafaatriði, enda barst það deildinni fyrir stofnun embættisins. Ríkissaksóknari skeri líklega úr um þetta.

- kóp



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON** Saksóknari efnahagsbrota segir það ekki vera á hreinu hvort málið verði sent sérstökum saksóknara bankahrunsins, enda hafi það borist efnahagsbrotadeild fyrir stofnun þess embættis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lönaðarráðherra á faraldsfæti:

# Heimsótti Yale og Harvard

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra hélt fyrirlestra um íslenskt efnahagslíf fyrir sérfræðinga Harvard og Yale háskóla í lok febrúar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá viðskiptaráðuneytinu.

Í fyrirlestrum sínum lagði Gylfi áherslu á endurreisnarstarfið sem fyrir höndum er. Þá átti ráðherrann viðræður við ýmsa sérfræðinga skólanna um efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda, auk þess að ræða við fjölmiðlamenn, íslenska útflytjendur sem starfa á Bandaríkjamarkaði og Bandaríkjamenn sem eiga eða fyrirhuga viðskipti við Ísland. - kg

Ný döggun og Laugarnes-kirkja efna til samveru: Þriðjudaginn 3. mars kl. 20

Sorgin í bruninu, að missa vinnu, heimili og fjárhag, að vera syrgjandi í bruninu

Fyrirlesari: Bjarni Karlsson, Staður Laugarneskirkja



**NÝ DÖGGUN**

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

# Stórir lífeyrissjóðir skerða réttindin

Stóru lífeyrissjóðirnir Gildi og Sameinaði lífeyrissjóðurinn reikna með að þurfa að skerða lífeyrisréttindi. Stærstu lífeyrissjóðir landsins skila tryggingafræðilegri úttekt til Fjármálaeftirlitsins innan skamms. Þá skýrist staða þeirra betur.

**KJARAMÁL** Stóru lífeyrissjóðirnir standa sumir illa samkvæmt tryggingafræðilegri stöðu sem verið er að leggja lokahönd á. Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Gildi hafa til dæmis neikvæða stöðu upp á meira en tíu prósent og búast við því að þurfa að skerða réttindi.

Stærstu lífeyrissjóðir landsins skila tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sinni til Fjármálaeftirlitsins á næstunni og þá skýrist hvernig sjóðirnir standa eftir bankahrunið í fyrra.

Sjóðirnir standa misjafnlega og fer staða þeirra fyrst og fremst eftir framvirkum gjaldmiðla-samningum við bankana og hvort þeir hafa farið í miklar afskriftir á eignum. Sjóðirnir mega hafa neikvæða stöðu upp á allt að 15 prósent án þess að þurfa að grípa til aðgerða en fyrirsjáanlegt er að margir þeirra munu skerða réttindi í vor.

Gildi lífeyrissjóður hefur neikvæða stöðu upp á um tíu prósent og þarf að skerða réttindi en ekki hefur verið ákveðið hve mikið.

Tryggingafræðileg staða Sameinaða lífeyrissjóðsins er neikvæð upp á 13,2 prósent og stefnir í skerðingu réttinda. „Staðan gæti verið betri,“ segir Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður og nefnir sem dæmi að skerða þurfi réttindi um sex prósent ef staðan eigi að fara niður fyrir tíu prósent.

Heildarskuldbinding sem hlutfall af eignum er neikvæð um 4,2 prósent hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Lífeyrisréttindi verða skert um fimm til tíu prósent.

Staða Lífeyrissjóðs verslunarmanna mælist neikvæð um 7,2 prósent. Gunnar Páll Pálsson stjórnar-



**ELDRI BORGARAR** Það stýttist í að stærstu lífeyrissjóðir landsins skili tryggingafræðilegri úttekt á stöðu sinni til Fjármálaeftirlitsins.



**GUNNAR PÁLL PÁLSSON** **ÞORBJÖRN GUDMUNDSSON**

formaður segir að verslunarmenn hafi unnið tryggingafræðilegu útreikningana með þeim samræmda hætti sem mælt hafi verið með. Sjóðurinn hafi verið í plús um 4,7 prósent um áramót 2007-2008 og það komi til góða nú.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er einn af þeim sjóðum sem standa hvað best en þar er staðan neikvæð um 1,4 prósent. Sigurbjörn Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri segir að fjárfestingastefna sjóðsins hafi verið varfærin.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur neikvæða stöðu upp á 4,8 prósent. Ekki er von á skerðingu. Festa lífeyrissjóður er með 6-8 prósent neikvæða stöðu og ekki er heldur búist við skerðingu þar. Kjölur lífeyrissjóður er lítil og lokaður sjóður sem mun sýna erfiða tryggingafræðilega stöðu því að hann er einungis með áfallnar kuldbindingar. Þar er búist við skerðingu.

ghs@frettabladid.is



## Gorenje ísskápur



### Gorenje ísskápur

RK60355DE

Ryðfrítt stál.  
Nýtanlegt rými kælís 230 l.  
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.  
Hljóðstig 40 dB(A).  
Bráðnunartími við straumrof: 18 klt.  
Frystigeta: 4 kg/dag.  
Mál (BxHxD): 180 x 60 x 64 cm.

Tilboð **115.900**

## RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011  
Akureyri · Draupnísvegur 2 · Sími 460 0800

Reykjaförður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020  
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Auglýsingasími

**512 50 50**



- Mest lesið

**NEYTENDUR:** Heimsókn í nýtt apótek borgaði sig:

## Hugsað um neytendur!?



**KJARTAN GUDMUNDSSON**

staðgengill umboðsmanns neytenda


■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Erla Magna sendi staðgengli umboðsmanns neytenda tölvupóst sem minnir á fyrirtaks fjölskyldumynd frá Disney-fabrikkunni á þann hátt að hann byrjar illa en endar dásamlega vel. Gjörðu svo vel, Erla:

„Það er fátt sem gleður íslenska neytendur þessa dagana og virðist verð hafa margfaldast þótt gengið rullti upp og niður. Við fáum bara hækkarnir. En – svo fór ég í apótekið Lyfjaver á Suðurlandsbraut í gær og sótti þrjár gerðir lyfja.

Þrátt fyrir lyfjakort hef ég undanfarið ár borgað um 4 til 5.000 krónur fyrir þessi lyf, hvar sem ég hef keypt þau. Í Lyfjaveri á Suðurlandsbraut borgaði ég 1.500 krónur, og þar af voru sum með 40 prósentu afslætti. Þar er hugsað um neytendur.“

Það er svo sem alls ekkert nýtt að Lyfjaver beri höfuð og herðar yfir önnur apótek þegar kemur að ásættanlegu verði á nauð-



**LYFJAVER** Tölvustýrða lyfjaskömmturnarferlið hjá Lyfjaveri er svalt. Það er líka svalt að vera með gott verð á lyfjum.

synlegum lyfjum. En sjaldnast er góð vísa of oft kveðin. Staðgengill vonar að Lyfjaver standi áfram vörð um litla neytandann.





Dæmi um afslátt og styrki fyrir skráða atvinnulausa

Nám sem kostar 224.000

- 25% afsláttur NTV = 56.000

- Styrkur Vinnuálastofnunar\* = 70.000

- Styrkur stéttarfélags = **Kannaðu rétt þinn!!!**

Fengu báðir draumastarfið að námi loknu!

“Kerfisstjórinn hjá NTV veitti okkur það forskot sem við þurftum til að fá vinnu í þessum geira og tryggði okkur í sessi þar. Skólinn kom okkur verulega á óvart með góðum kennurum og sérfræðinámi í fremsu röð.”

[ Davíð Jón Sigurðsson - Kerfisstjóri ]

[ Pétur Björn Heimisson - Kerfisstjóri ]

# ÁRANGURSRÍKT TÆKNINÁM NTV

## MEÐ ALÞJÓÐLEGUM PRÓFGRÁÐUM

### **Kerfisumsjón** - 180 stundir - Verð: 224.000.-

[Tölvuviðgerðir ásamt MCTS og Network+]

Námið byrjar á Tölvuviðgerðum og lýkur á MCTS og Network+ (Lýsing hér til hægri). Þessi námskeið styðja hvort við annað og veita nemendum hæfni til að hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum.

Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 21. apríl | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. mars |

### **Kerfisstjórinn** - 401 stund - Verð: 538.000.-

[Tölvuviðgerðir, MCTS og Network+ og MCITP]

Kerfisstjórinn er viðamikilið nám sem samanstendur af þeim þremur námskeiðum sem lýst er hér hægra megin. Þetta nám er fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem fullgildir kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

| Morgunnámskeið byrjar 21. apríl | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. mars |

### **Tölvuviðgerðir** - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kenni í sér útbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 21. apríl | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. mars |

### **MCTS og Network+** - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows Vista stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 16. mars | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 22. apríl |

### **MCITP (áður MCSA)** - 221 stundir - Verð: 349.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau fjögur alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Certified Server Administrator.

4 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Server Administrator“

| Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 30. mars |



Learning Solutions



Upplýsingar og skráning: 544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)



# Má mest kosta 7,5 milljónir

Þátttakendur í prófkjörum eru í fyrsta sinn bundnir af lögum um hámarkskostnað. Í Reykjavík er þakið ríflega tvöfalt herra en í Norðvesturkjördæmi. Ríkisendurskoðun mun fylgjast með eyðslu frambjóðenda.

**STJÓRN MÁL** Prófkjörin sem nú fara í hönd hjá stjórnmalaflokkunum eru þau fyrstu sem háð eru samkvæmt lögum um hámarks-  
kostnað frambjóðenda í prófkjörum, sem tóku gildi í júní 2007. Frambjóðendur í Reykjavík mega eyða mestu, eða um sjö og hálfri milljón króna, í prófkjörbaráttu sína.

Hámarksupphæðin er misjöfn eftir kjördæmum, eins og sjá má á kortinu, og tekur mið af fjölsfjölda í kjördæminu og því hversu dreifð byggðin er. Séu haldin sameiginleg prófkjör í tveimur eða fleiri kjördæmum hækkar upphæðin sem eyða má í samræmi við það að frambjóðendur þurfa að ná til aukins fjölda kjósenda.

Hverjum frambjóðanda er óheimilt að taka við hærri einstökum styrk en 300 þúsund krónum samkvæmt lögum. Til slíkra framlaga teljast meðal annars lögum samkvæmt allir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf skulda, óvenjuleg lánakjör og endurgjaldslaus lán vinnuafli, aðstöðu eða búnaðar, sem metin skulu til fjár og tilgreind í reikningum.

Til heildarupphæðarinnar sem verja má í prófkjörinu telst jafnframt allt það fé sem frambjóðandinn leggur því til úr eigin vasa.


Frambjóðendur skulu svo lögum samkvæmt skila endurskoðuðum reikningum til Ríkisendurskoðunar ekki síðar en sex mánuðum eftir kosninguna og verða þeir reikningar gerðir opinberir. Þeir sem verja innan við 300 þúsundum í baráttuna eru þó undanþegnir upplýsingaskyldunni.

Ríkisendurskoðun hefur þegar útbúið uppgjörleiðbeiningar og komið þeim í hendur flokkanna, að sögn Lárusar Ógmundssonar skrifstofustjóra. Ríkisendurskoðun mun síðan kalla eftir uppgjörinum þegar þar að kemur.

Lárus segir að eftirlit af einhverju tagi verði haft með eyðslu frambjóðenda og að stólað verði á utanaðkomandi ábendingar um frambjóðendur sem ekki kunna sér hófs.

stigur@frettabladid.is

## HVE MIKLU MEGA FRAMBJÓÐENDUR EYÐA?



Hámarkskostnaður við framboð í prófkjörinu fer eftir kjördæmi, eða kjörsvæði eins og segir í lögum, og miðast við íbúafjölda og hversu dreifð byggðin er. Séu prófkjör haldin sameiginlega í tveimur eða fleiri prófkjörum, eins og raunin er með öll prófkjör í Reykjavíkurborg kjördæmunum tveimur, er miðað við samanlagðan íbúafjölda. Upphæðir á kortinu miðast við fjölsfjölda á kjörskrá fyrir kosningar 2007.

## NOKKRIR ALGENGIR KOSTNAÐARLIÐIR

- Leiga á kosningamiðstöð í mánuð (miðað við um 100 fermetra í miðborginni): Um 200 þúsund krónur.
- Prentun og dreifing á litlum kynningarbæklingi í tíu þúsund eintökum: Um 200 þúsund krónur.
- Launaður kosningastjóri í einn mánuð: Um 200 þúsund krónur.
- Meðalstór úthringimiðstöð: 75-100 þúsund krónur.
- Tvær heilsíðuauglýsingar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu: Um 600 þúsund krónur.
- Veitingar í móttökum og veislum: Um 150 þúsund krónur.

**Samtals:** 1.425 til 1.475 þúsund krónur.

til leigu 135 fm atvinnuhúsnæði með góðri lofthæð og innkeyrsluhurð. Laust strax. Leiga 100 þús á má. Uppl. í s. 895 3000.

Til leigu við Helluhraun Hafnarf. 290 fm. innk.bíl. Hagstæð leiga. S.8983420

**Geymslúhúsnæði**

[www.buslodageymsla.is](http://www.buslodageymsla.is)  
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslaeitt.is**  
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m<sup>2</sup>, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**  
Geymslur frá 3990.- kr á má. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélur. S. 555 3464

**Gisting**


**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**  
Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, [www.stracta.com](http://www.stracta.com) eða [annalija@stracta.com](mailto:annalija@stracta.com).

**www.leiguherbergi.is**  
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. [www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is) s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**  
2ja-3jahaerbergja íbúðir á Akureyri. Uppbúin rúm, Internet, ADSL TV.

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



**Viltu læra til þjóns undir handleiðslu eins mest verðlaunaða framreiðslumeistarans landsins?**  
Við á Einari Ben erum að leita að ungrri og áhugasamri manneskju sem vill læra til þjóns. Við bjóðum upp á fjölbreytt nám fyrir metnaðarfullt fólk. Nemar okkar eru undir handleiðslu Stefáns Guðjónssonar margverðlaunaðs vinnþjóns og framleiðslumanns ársins 2004. Vinsamlegast hafíð samband við Stefán. s. 693 6526.



**Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut**  
Bakari óskast í 30% starf í kvöld og helgarvinnu. Reynsla er áskilin, 18 ára aldurstakmark. Umsóknir á: <http://umsokn.foodco.is>

Starfsmaður, 20-30 ára óskast til áfyllinga í heildverslun með hárvörur. Uppl. í s. 897 4121.

Aðstoðarmaður vanur matreiðslu. Þarf að geta unnið sjálfstætt. Mikil vinna framundan. Reyklaus. Uppl í 894 1063

Vantar mann með leyfi til að styrkleikaflokka timbur. Uppl. gefur Halldór í s. 840-7273

Vantar smiði eða handlagna aðila tímab. á vestfj. Húsnæði í boði. S.862 2221

Vantar matreiðslumann á veitist/mötuneyti á vestfj. Húsnæði í boði. S. 862 2221

Fánasmíðjan óskar eftir að ráða starfsmann með reynslu af sölumennsku og góða tölvu- og tungumálakunnáttu. Fjölbreytt og spennandi vinna. Starfið er á Þórshöfn og nánari uppl, gefur Karen í s: 897 5064 - [www.fanar.is](http://www.fanar.is) - [fanar@fanar.is](mailto:fanar@fanar.is). Uppl. um Þórshöfn er að finna á [www.lnb.is](http://www.lnb.is)

**Atvinna óskast**

**Sugsverk ehf.**  
Byggingarfyrirtæki, gerum allt inni sem og úti. Erum með stillasa, málum. Vinnum í Grímsnesi, Selfossi og Reykjavík. S. 893 7649.

Karlarður (22) og kona (21) leita eftir vinnu. Allt kemur til greina. Tölum ensku. S. 849 5018 & 844 8927.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**Símaþjónusta Spjalldómur**  
S. 908 2000 Opíð allan sólarhringinn.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
<b>Spjall</b>
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
<b>Gay spjall</b>
535-9988 (kreditkort)
<b>Sögur</b>
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
<b>Spjalldómur</b>
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Fasteignir**

**Álfkonuhvarf 25**  
203 Kópavogur  
Gott fermetra verð



**Opíð hús í dag á milli 18:30 og 19:00 Verð: 24.900.000**

RE/MAX SENTER KYNIR: Mjög glæsileg 100,7 fm. 3ja herbergja íbúð ásamt stæði í lokuðu bílskýli. Rúmgott flisalagt anddyri með góðum fataskáp, við hlið er gott þvottaherbergi, flisar á gólf, í anddyri eru náttúruflisar. Rúmgott flisalagt baðherbergi með fallegri innréttingu, baðkar, tvö rúmgóð og björt svefnherbergi með góðum fataskápum, parket á gólfum. Innréttingar og innihurðar eru af vandaðri gerð. Fallegt plankaparket er á gólfum. Rúnar P. veitir allar frekari upplýsingar í síma 697-4881

**Útboð**

**Grunnskóli Seltjarnarness**  
*Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli*

**Eftirfarandi starf er laust til umsóknar**

**Umsjónarkennari**  
Óskum eftir að ráða umsjónarkennara á unglingastig með áherslu á samfélags- og náttúrufræði, auk þýsku (val).

Upplýsingar veitir Guðlaug Sturlaugsdóttir, [gustur@seltjarnarnes.is](mailto:gustur@seltjarnarnes.is), sími 822 9133.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SEL TJARNARNES BÆR  
Skólaskrifstofa

[www.grunnskoli.is](http://www.grunnskoli.is)

**Skipulagsstofnun**

**Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði**

**Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar**

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Suðurlandsveg frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **3. mars til 15. apríl 2009** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum í Hveragerði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Sveitarfélaginu Ölfusi og á þjónustustöð Olís á Norðlingaholti við Suðurlandsveg í Reykjavík, í Þjóðarþóklöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) og EFLU verkfræðistofu: [www.efla.is](http://www.efla.is).

Framkvæmdin verður kynnt með opnu húsi á eftirtöldum stöðum: Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn 10. mars kl 17-19, Ráðhúsinu í Hveragerði 11. mars kl 17-19 og á þjónustustöð Olís á Norðlingaholti við Suðurlandsveg í Reykjavík **12. mars kl 16-19**.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **15. apríl 2009** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

**RE/MAX Senter**

**Opíð hús í dag á milli 18:30 og 19:00 Verð: 24.900.000**

Stærð: 100 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 2004  
Brunabótamat: 24.510.000  
Bílskýr: Já

Rúnar G. Peters  
Sölufulltrúi  
697 4881  
[runar@remax.is](mailto:runar@remax.is)

Kristján Ólafsson  
Lögg. fast. hdl.  
414 4700  
[kol@remax.is](mailto:kol@remax.is)

RE/MAX Senter - Skútvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - [www.remax.is](http://www.remax.is)

**HÖFÐI** Suðurlandsbraut 20  
Sími 533 6050  
Faxnr. 533-6055  
[www.hofdi.is](http://www.hofdi.is)

**Vesturbrú 1**

Ný og glæsileg, 83 fm 2ja herbergja íbúð án gólfefna á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar frá Brúnás. Granít í borðplötum. Baðkar og sturtu. Þvottahús innan íbúðar. Laus strax. Lyklar á skrifstofu, sölumenn sýna. Verð 23,9 millj.

Allar nánari upplýsingar veitir **Gústaf Adolf Björnsson** sölumaður á Höfða, s:895-7205.

**Drekavellir 28 - sérhæð m/bílskýr.**

Ný og glæsileg efri sérhæð ásamt bílskýr, alls 149,7 fm. Íbúðin er með glæsilegum innréttingum og tækjum, en án gólfefna. Þvottahús innan íbúðar. Sér inngangur. Verð 33,8 millj.

Allar nánari upplýsingar veitir **Runólfur Gunnlaugsson** fasteignasali á Höfða, s:892 7798.

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

**Útboð**

**Skipulagsstofnun**

**Efnistaka Björgunar ehf. af hafsbotni í Hvalfirði**  
**Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur, samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b., gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku Björgunar ehf. af hafsbotni í Hvalfirði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að fyrirhuguð efnistaka muni ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á jarðvísindalegt gildi eða verndargildi malarhjalla, né hljóðvist. Skipulagsstofnun telur að miðað við niðurstöður öldufarsrannsóknna verði áhrif efnistöku á landbrot óveruleg. Stofnunin telur að efnistakan muni hafa talsverð neikvæð og óafturkræf áhrif á botndýralíf á efnistökusvæðunum, en að veruleg óvissa sé um mikilvægi efnistökusvæða fyrir nytjafiska og flatfiskaungviði. Skipulagsstofnun telur að leyfi til nýtingar á efni af hafsbotni í Hvalfirði næstu árin eigi að binda eftirfarandi skilyrðum:

1. Efnistöku á Laufagrundi, við Kiðafell, Eyri og Hálsnes verði hagað á þann hátt að efni verði dælt af hafsbotni sem næst útmörkum viðkomandi efnistökusvæða, þ.e. næst miðju Hvalfjarðar, meðan beðið er eftir niðurstöðum rannsókna á lífríki og landbroti (sbr. líði 3 og 4).
2. Dæling af botni verði takmörkuð við holudælingu, en yfirborðsdæling ekki leyfð, til að lágmarka áhrif efnistöku á lífríki hafsbotsins.
3. Gerð verði rannsókn á lífríki á fyrirhuguðum efnistökusvæðum, sem miði að því að skýra gildi þeirra fyrir fiskigengd og flatfiskaungviði.
4. Fram fari reglubundin vöktun á landbroti á strandsvæðum við Laufagrunn, Kiðafell, Eyri og Hálsnes og niðurstöður vöktunarinnar kynntar hagsmunaaðilum.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla framkvæmdaraðila er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: [www.skiplag.is](http://www.skiplag.is).

**Skipulagsstofnun**



JESSICA BIEL ER 27 ÁRA Í DAG

„Ég elska að vera einhver önnur en ég er í smá tíma. Ég nýt hvírrar mínútu í annarra manna skinni.“

Leikkonan Jessica Biel er af ættum indjána, Þjóðverja, Frakka, Breta og Ira.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 3. MARS ÁRIÐ 1984

## Atómstöðin frumsýnd í bíó

Kvikmyndin Atómstöðin eftir samnefndri skáldsögu Halldórs Laxness, var frumsýnd þennan dag fyrir 25 árum. Leikstjóri var Þorsteinn Jónsson og með helstu hlutverk fóru Tinna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Eyrólfsson.

Aðalsöguhetjan er Ugly, bóndadóttir sem kemur til Reykjavíkur til að læra á orgel. Hún ræðst í vist hjá þingmanninum Búa Árland og fjölskyldu hans. Sagan segir frá samningum íslenskra stjórnvalda við Bandaríkin um herstöð í Keflavík og flutninga beina Jónasar Hallgrímssonar til Íslands, þar sem Búi Árland þingmaður fer með lykilhutverk. Bókin var afar umdeild þegar hún kom út árið 1948 enda fjallaði hún um mikið hitamál í íslensku samfélagi, „sölu Íslands“. Halldór var harður andstæðingur herstöðvarinnar og er bókin jafnan sögð framlag hans til þeirrar umræðu. Inn í söguna fléttast einnig ástir þeirra Ugly og Búa og samband hennar við börn hans.



Einnig kemst Ugly í kynni við litríka karaktæra og kynlega kvisti eins og Organistann, sem Ugly nemur hjá, og ýmsa gestir sem sækja hann heim. Fyrirmyndin að Organistanum er jafnan talin vera Erlendur í Unuhúsi en Halldór tileinkaði bókina minningu hans.

### MERKISATBURÐIR

- 1200 Bein Jóns Ógmundssonar biskups eru tekin upp.
- 1879 Fyrsta konan, Belta Ann Bennett Lockwood, kemur fram fyrir hæstarétti Bandaríkjanna.
- 1984 Kristján Harðarson slær 27 ára gamalt Íslandsmet í langstökki og stekkur 7,79 metra.
- 1991 Lettland og Eistland ganga til atkvæða um sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
- 1997 Björk Guðmundsdóttir tekur við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs í Ósló.
- 2005 Steve Fossett er fyrstur til að fljúga einn umhverfis jörðina án þess að stoppa nema til þess að taka eldsneyti.



### Þorlákur Jónsson

frá Kiðjabergi,  
Kistuholti 3, Biskupstungum,

lést 26. febrúar. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju föstudaginn 6. mars kl. 14.00. Jarðsett verður á Stóru-Borg. Fyrir hönd samferðamanna og vina,

Sigríður Stefánsdóttir, Bræðratungu.



Okkar elskulegi eiginmaður, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

Þorbjörn Friðriksson,  
Bodagranda 7, Reykjavík,

andaðist að hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 5. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð KR, sími: 510 5314.

Elin Helgadóttir

Friðrik Þorbjörnsson

Hulda Mjöll Hauksdóttir

Helgi Magnús Þorbjörnsson

Elin, Anna Björg, Þórunn, Þorbjörn, Haukur

og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, systir og amma,

Sólborg Marinósdóttir  
Laugarnesvegi 116,

sem lést á Landspítalanum þann 23. febrúar síðastliðinn, verður jarðsungen frá Laugarneskirkju föstudaginn 6. mars klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ás, styrktarfélag. Sérstakar þakkir fá lækna og hjúkrunarfólk á blóðlækningadeild Landspítalans við Hringbraut fyrir góða umönnun og alúð.

Rudolf Ásgeirsson

Ásgeir Marinó Rudolfsón

Sverrir Þór Rudolfsón

Anna Rudolfsdóttir

Áslaug J. Marinósdóttir

Þorsteinn Marinósson

og barnabörn.

Guðbjörg D. Tryggvadóttir

Anna Wahlström

Reynir Þór Reynisson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,  
afi og langafi,

Þorvaldur Ólafsson  
Hæðargarði 33, Reykjavík,

lést á Landakoti föstudaginn 27. febrúar.

Siggerður Þorvaldsdóttir

Guðbrandur Þór Þorvaldsson

Júlíana P. Þorvaldsdóttir

Atli Þór Þorvaldsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Baldur S. Baldursson

Bryndís D. Björgvinsdóttir

Guðmundur M. Björgvinsson

Hafdis Halldórsdóttir



MIKILVEGT AÐ ÖLLUM LIÐI VEL Jóhann Örn Jóhannsson, eigandi réttingaverkstæðis Jóa, segir sama hópinn hafa unnið hjá sér í mörg ár en nýverið stækkaði Jóhann verkstæðið og réð fleira fólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RÉTTINGAVERKSTÆÐI JÓA: STÆKKAÐI VIÐ SIG HÚSNÆÐIÐ Í MIÐRI KREPPUNNI

## Höfum vaxið hægt og rólega

Réttingaverkstæði Jóa á Dalvegi var stækkað á dögnum og bætti það við sig mannskap. Á þessum síðustu og verstu tímum þykir það tíðindum sæta að fyrirtæki séu stækkuð en Jóhann Örn Jóhannsson, bifvélavirki og eigandi verkstæðisins, segir einfaldlega meira að gera.

„Við höfum frekar bætt við fólki og enginn lækkað í launum eða misst vinnu hjá okkur,“ segir Jóhann. „Í dag er allt annað hugarfar hjá kunnunum. Nú er gert meira við en ekki keypt nýtt eins og hér áður þegar ekki mátti vera ein rispa á hlut. Fólk tekur því bara að það fái ekki nýtt og lætur gera við það gamla.“

Jóhann hóf reksturinn einn árið 1993 en árið 1998 voru tíu manns farnir að vinna við fyrirtækið. Það var svo á vordögum síðasta ár, á tíu ára afmæli fyrirtækisins, að ákveðið var að fara út í framkvæmdir og verkstæðið stækkað úr 340 fermetrum í 800 fermetra.

„Það var orðið þröngt um okkur því þessi iðnaður er plássfrekur. En framkvæmdirnar voru ákveðnar áður en bankarnir hrundu svo ekki var hægt að bakka með þetta og við tókum stökkið,“ segir Jóhann og bætir því við að reksturinn gangi mjög vel. „Núna vinna þrettán manns í fyrirtækinu.“

Jóhann segir galdurinn bakvið gott gengi fyrirtækisins í dag þann að reksturinn hafi farið stígvaxandi hægt og rólega gegnum árin. Fjölskyldan sinni fyrirtækinu en Jóhann rekur verkstæðið ásamt konu sinni auk þess sem þau reka bílaleigu sem börnin þeirra sjá um.

„Maður er aldrei í frí en er í vinnunni alltaf einhvern hluta um helgar líka. En það er bara edlilegt þegar maður rekur fyrirtæki. Það er mjög gott að snúast í öllu sjálfur, ég hef alltaf gert það. Ég hef þó haft fólk í þeim störfum sem ég þekki ekki vel, eins og í mótöku og peningamálum, ég vinn sjálfur alltaf á gólfinu og finnst gott að vinna

með strákunum. Ég er mjög ánægður með hópinn og eiginlega hefur sama fólk unnið hjá mér frá upphafi. Menn hafa hætt ef þeir hafa flutt burt en yfirleitt ekki út af öðru. Við hjónin skurum saman á sunnudögum og þá þrífum við líka bílaleigubílanum með dótturinni svo það er alltaf í nógu að snúast.“

Starfsemi verkstæðis Jóhanns snýst um bílasprautun og réttingar. Í hugum flestra eru verkstæði grútskítug af smurningu og stórhættulegt að stíga þar fæti inn í sparifötunum. Kunnugir segja þó verkstæðið hjá Jóhanni svo snyrtilegt og fínt að þar megi hæglega halda finustu veislur.

„Við höldum nú einu sinni fermingarveislu hér á gamla verkstæðinu. En það er vissulega okkar aðalatriði að hafa verkstæðið snyrtilegt, að þetta sé engin skítakompa heldur venjulegur vinnustaður. Það líður öllum vel hérna sem er númer eitt tvö og þrjú.“

heida@frettabladid.is

## Góð ritgerð er miði til La Palma

Í tilefni af 400 ára afmæli stjörnufræðisins eiga framhaldsskólanemar á Norðurlöndum nú möguleika á að komast til eyjunnar La Palma á Kanaríeyjum og framkvæma stjörnuathuganir með Norræna stjörnufræðisáskrifum sem er fullkominn 2,6 m spegilsjónauki.

Hið eina sem þeir þurfa að gera er að skrifa ritgerð um eitthvað stjörnufræðilegt og muna höfundar bestu ritgerðarinnar í hverjum Norðurlandanna

ferðast saman á vit ævintýranna. Sá er lendir í öðru sæti á Íslandi fær svo stjörnufræðisáskrif í verðlaun. Ritgerðin skal ekki vera lengri en 3.000 orð og henni á að skila fyrir 1. maí á netfangið keppni@2009.is eða til eðlisfræði- og/eða stjörnufræðisáskrifara í hverjum framhaldsskóla.

STJÖRNUPOKUR Það verður kannski eitthvað í líkingu við þetta sem nemarnir munu sjá með hjálp stjörnufræðisáskrifara í Palma.



AMND/NASA



# Nemendum fjölga verulega

Nemendum hefur fjölgað í framhaldsskólum og háskólum undanfarin ár. Í haust voru rúmlega 47 þúsund nemendur skráðir í framhaldsskólum og háskólum og hafa aldrei verið fleiri skráðir á framhaldsskólastigi né háskólastigi hér á landi. Þetta kemur fram í Hagtíðindum.

Nemendur í framhaldsskóla voru rúmlega 29 þúsund og nemendur í háskóla ríflega 18 þúsund. Framhaldsskólanemum fjölgaði um 3,3 prósent milli ára og háskólastudentum fjölgaði um 1,6 prósent.

Mest hefur skráðum nemendum fjölgað um 7,7 til 9,8 prósent á árunum 2001-2003. Milli 2004 og 2007 fjölgaði nemendum um fjögur til fimm prósent milli ára og á milli 2007 og 2008 fjölgaði þeim um 2,6 prósent. Fjölgunin í framhaldsskólum skýrist að hluta til af mikilli fjölgun í fjarnámi og mun fleiri grunnskólanemendum sem taka áfanga í framhaldsskólum í fjarnámi.

Grunnskólanemendurnir eru rúmlega fimm prósent af skráðum nemendum í framhaldsskólum en tæplega einn af þremur nemum í grunnskóla tekur áfanga í framhaldsskóla.

Framhaldsskólanemendur eru flestir á almenntri námsbraut og næstflestir á náttúrufræðibraut.

Á háskólastigi eru konurnar mun fleiri en karlarnir. Vinsælustu greinarnar eru viðskiptafræði, lögfræði, grunnskólakennarafræði, hjúkrunarfræði og sálfræði.



**YFIR 18 ÞÚSUND** Nemendur í háskólum eru ríflega 18 þúsund en í framhaldsskólum eru nemendurnir meira en 29 þúsund talsins.



*Hjartkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Kirsten Henriksen**

dýralæknir f. 22.03.1920,

lést á gjörgæsludeild Landspítala Háskóla-sjúkrahúss fimmtudaginn 26. febrúar.

Hlín Helga Pálsdóttir  
Vigdís Hallfríður Pálsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.



*Móðir mín, tengdamóðir, systir og mágkona,*

**Áslaug Hanna**

**Sigurjónsdóttir Vanderlaan**

lést á heimili sínu í Cedar Springs, Michigan, 15. febrúar sl.

Útförin hefur farið fram.

Anna Hallgrímsdóttir      Jóhannes Helgason  
Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir Isebarn  
Þórunn Ingvarsdóttir.



*Elskulegi drengurinn okkar og barnabarn,*

**Einar Logi Arnarsson**

Lækjarfit 7, Garðabæ,

andaðist fimmtudaginn 26. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

Hildigunnur Jónasdóttir      Arnar Logi Kristinsson  
Díana Vera Jónasdóttir  
Kristín Kristófersdóttir      Jónas Jónasson.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Borghildur Guðrún**

**Guðmundsdóttir**

frá Harðbak á Sléttu, Dalbraut 20, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi sunnudaginn 1. mars.

Hildur Jónsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Árni Stefán Jónsson      Helga Ingibergsdóttir  
Jakobína Jónsdóttir      Maria Hedin Jonsson  
barnabörn og fjölskyldur þeirra.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Haraldur Valtýr**

**Magnússon,**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

andaðist 26. febrúar. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju föstudaginn 6. mars kl. 14.

Hinrik Haraldsson      Solveig Axelsdóttir  
Svavar Haraldsson      Guðmunda Björg Sigurðardóttir  
Haraldur Haraldsson      Írena Fynn  
Gísli Haraldsson      og afabörn.



*Ástkær eiginkona mín, móðir og systir,*

**María Genaida Hauksson**

**(Zenaida)**

Hverafold 116, Reykjavík,

lést á bráðadeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 22. febrúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 5. mars kl. 13.00.

Magnús Hauksson  
Hanna Lea Magnúsdóttir  
og systkini hinnar látnu.



*Við þökkum öllum þeim, sem sýndu okkur samúð og stuðning við andlát og útför og heiðruðu minningu elsकुलेgrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jakobínu Jónsdóttur**

kennara, Hrafnistu Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á H1-deild Hrafnistu í Reykjavík.

Jón Þorvaldsson      Guðbjörg Jónsdóttir  
Baldur Þór Þorvaldsson  
Katrín Þorvaldsdóttir  
Ingibjörg Rósa Þorvaldsdóttir  
barnabörn og fjölskyldur þeirra.



*Faðir minn,*

**Charles Richard Wilson**

Shreveport Louisiana, USA,

lést sunnudaginn 15. febrúar 2009.

Susan Wilson



*Okkar kæri eiginnmaður, faðir og afi,*

**Ásgrímur Pálsson**

frá Engidal, Kleifarási 2, Reykjavík,

lést 21. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. mars kl. 15.

Guðrún Svava Bjarnadóttir,  
Bjarni Ásgrímsson, Arís Bjarnadóttir-Miller.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Magnúsdóttir,**

Álfaskeiði 78, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 28. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin auglýst síðar.

Jón Olgeirsson      Kolbrún Sjöfn Indriðadóttir  
Sigurjón Jónsson      Guðbjörg Ragnarsdóttir  
Holgeir Jónsson      Guðlaug Fjöla Arnardóttir  
Magnús Jónsson      og barnabörn.



*Okkar elsकुलेgi,*

**Róbert F. Gestsson,**

Ásvallagötu 63, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 5. mars kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans láti Líknarsjóð Landakots njóta þess, sími 543-9890.

Ingvaldur Róbertsdóttir      Örylgur Kristfinnsson  
Guðný Róbertsdóttir  
Kristín Róbertsdóttir  
Ingvaldur Steinunn, Róbert, Unnur Malín, Þorvaldur Kári, Arnljótur, Gylfi, Valgerður, Hrafn, Hildur, Lúkas og Stella.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*


**Katrín Valgerður**

**Ásgrímsdóttir**

frá Seyðisfirði,

lést á Landspítalanum mánudaginn 23. febrúar. Útför Katrínar fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 4. mars og hefst athöfnin klukkan 13.00.

Ásgrímur Grétar Jörundsson      Ósk María Ólafsdóttir  
Guðlaugur Jörundsson  
Sunneva Jörundsdóttir      Jakob Sæmundsson  
Sigríður Vala Jörundsdóttir      Bessi Húnfjörð Jóhannesson  
Jósep Valur Guðlaugsson  
ömmubörn og langömmubarn.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Guðmundsdóttir**

Kleppsvegi 74,

andaðist þriðjudaginn 24. febrúar á Hrafnistu, Vífilstöðum. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 5. mars kl. 13.00. Þökkum starfsfólki Hrafnistu á Vífilstöðum fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

Halldór Bjarnason      Gunnar Þorvaldsson  
Ingibjörg Bjarnadóttir      G. Sigurrós Ólafsdóttir  
Halldóra Bjarnadóttir  
Guðmundur Bjarnason      Elsa Þ. Dýrfjörð  
Ingibergur Bjarnason      barnabörn og barnabarnabörn.





## International studies in Denmark?

### Computer Science (2½ years)

Systems designer, Programmer, IT consultant, Project manager, Systems administrator.

### Marketing Management (2 years)

Marketing coordinator, Advertising consultant, Account manager, Purchasing assistant.

### Multimedia Design and Communication (2 years)

Web designer, Web developer, Multimedia consultant, Media planner, Event manager.

Higher education academy programmes. Direct qualifications for employment or 1-1½ years top-up to become a bachelor.

### Information meeting, 6 March at 18

Hilton Reykjavik Nordica  
Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavik

[www.aabc.dk/english](http://www.aabc.dk/english)

The Business Academy   
Aarhus Business College



Skoðaðu  
**MÍN BORG**  
ferðablað  
Icelandair  
á [www.visir.is](http://www.visir.is)

**ICELANDAIR**  
WWW.ICELANDAIR.IS



Í Markaðnum á morgun

**NÝHÆTTUR FORSTJÓRI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS,  
JÓNAS FR. JÓNSSON, Í EINKAVIÐTALI.**

**HAGFRÆÐINGUR SAMTAKA IÐNAÐARINS FER  
YFIR FORSENDUR VAXTAR OG VERÐMÆTA-  
SKÖPUNAR HÉR Á LANDI.**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun



**NOKKUR ORÐ**  
Júlía Margrét  
Alexandersdóttir

## Ofmetin kurteisi

Áhersla á kurteisi í uppeldi barna hefur ert mig svolítið undanfarin ár. Það er eitthvað óskaplega rangt við það að horfa á stolta foreldra skarta litlu ofurkurteisu mannfólki eins og hinu finasta stofustássi. Eins og uppeldisstarfið skuli helst verðlaunað ef foreldrarnir geta dregið börnin fram þegar þeim hentar og látið þau bugta sig og beygja, þrúðbúin og strokin.

Orðið kurteisi er runnið úr fornfrönsku – court, sem þýðir hirð og lýsingarorðinu courtois sem þýðir í raun hvernig fólk eigi að haga sér innan ákveðinnar girðingar; svo sem innan hallarmúra eða í konungsgarði (vísindavefurinn). Og hirðin kunnir þú vissulega að segja já og amen á innsoginu en þegar kurteisinni sleppti og enginn sá til sukkaði hirðin í baktjaldamakki og ólifnaði.

Yfirborðið var það sem skipti máli og ætti það ekki að vera í bága

við heilbrigða skynsemi að innrétta börnum okkar að það að hafa slétt og fellt yfirborð skipti meginmáli?

Þannig mætti vinna uppeldisvinnuna á allt öðrum vígstöðvum en uppskera engu síður góð og já – „kurteis“ börn. Að innrétta þeim umburðarlyndi, náungakærleik og sanngirni. Að kenna þeim að segja sína skoðun, vera málefnaleg og taka upp hanskann fyrir þá sem órétti eru beittir – það ætti að rista mun dýpra en breyta þeim um leið í manneskjur sem sýna aðgát í nærveru sálar sem verða þannig sjálfkrafa „kurteisar“.

Það er ekkert mál að hafa lært eins og páfagaukur hvers kyns samskiptareglur án þess að það skili manni nokkru öðru en afskaplega hvítvegju yfirborði. Þá bið ég frekar um heilsteypa og hugsandi litla einstaklinga sem eru þá kannski minna sleipir á sviði stimamjúkrar látprýði.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Einar segir sögur

Landnámssetrið í Borgarnesi hefur haldið uppi sýningum undanfarin misseri þar sem Benedikt Erlingsson og Brynhildur Guðjónsdóttir sækja í sjóði Egilssögu í sýningum sínum, Mr. Skallagrímsson og Brák. Nú ætlar Einar Kárason að mæta á leikhúsoftið í Landnámssetrinu og segja sögur rétt eins og hann gerði í fyrra með KK, en í þetta sinnið fer hann með sögur úr Sturlungu. Einar hefur sent frá sér tvær skáldsögur sem byggja á afmörkuðum köflum úr Sturlungu og hlotið mikið lof fyrir. Hann flytur Sturlungu – segir söguna eins og honum einum er lagið og byrjar flutninginn á föstudagskvöld.



**BÓKMENNTIR** Einar Kárason segir sögur úr Sturlungu í Landnámssetri.

Sigríður Margrét Guðmundsdóttir hjá Landnámssetrinu segir það einsdæmi að höfundur flytji á þennan hátt, blaðalaust, efni bóka sem hann hefur skrifað: „Þó er ég sannfærð um að þetta sé sá flutningsmáti sem höfundar eins og Snorri Sturluson og Sturla Þórðarson viðhöfðu við að koma sínum verkum til skila hjá sínum samtímamönnum. Að minnsta kosti hafa skinnhandritin ekki verið lesefni sem allur almenningur tók með sér í rúmið. Ég er sannfærð um að Einar sé hér listrænt að feta í fótspor Sturlu og Snorra og þeirra samtímamanna.“

Sögustund úr Sturlungu tekur um tvo tíma. Hægt er að panta miða á Landnámssetrinu.

# Andóf þversögn

Hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands heldur áfram með fyrirlestri Jóns Ólafssonar heimspekinga kl. 12.05 í dag í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Erindið ber yfirskriftina Hvað er andóf? „Frjálslynd lýðræðishyggja samtímans gerir ráð fyrir að tjáningarfrelsi séu grundvallarréttindi. Það þýðir að rétturinn til að tjá hvers kyns óánægju, andúð eða andstöðu er sjálfsagður hluti stjórnmálaþátttöku og margir taka þátt í stjórnmálum með því að mótmæla eða í þeim tilgangi að láta í ljós andstöðu við ákvarðanir eða fyrirætlanir hins opinbera. Viðbrögð við andófi bera hins vegar allt öðru sjónarmiði vitni. Þegar rætt er um leiðir og



**STJÓRMÁLAHEIMSPEKI** Jón Ólafsson reifar andófið.

aðferðir til að koma andúð á framfæri kemur í ljós að miklar efasemdir ríkja um flestar aðferðir við andóf og mótmæli. ... Þannig er staða andófsins í frjálslyndum samfélögum þversagnakennd.“

- pbb



**TÓNLIST** Larry Coryell.

# Coryell í Salnum

Bandaríski stórgítarleikarinn Larry Coryell verður gestur Björns Thoroddsen í Salnum, Kópavogi, föstudaginn 6. mars kl. 21.00. Larry Coryell hefur oft verið kallaður guðfaðir fusiongítarleiksins. Ferill Larry hófst 1965 þegar hann flutti til New York en þar hóf hann að leika með mönnum eins og Gary Burton og Killer Joe Piro. Larry varð heimsþekktur 1967 þegar hann lék með Gary Burton Quartet. Eftir það var brautin bein og Larry byrjaður að leika með öllum fremstu djasstónlistarmönnum Bandaríkjanna svo sem Charles Mingus og Chick Corea. Larry Coryell var á kafi í rokktonlist á sjöunda áratugnum og lék meðal annars með Jack Bruce. Hann var einnig í hljómsveit Charles Mingus, Chick Corea og Billy Cobham. Larry hefur gefið út fjölmarga diska sem eru fáanlegir úti um allan heim. Larry er eftirsóttur fyrirlesari og hefur gefið út fjölda kennslubóka sem og ritað fjölmargar greinar í virt tónlistartímarit. Larry leikur í Salnum, Kópavogi með Birni Thoroddsen gítarleikara og Jóni Rafnssyni bassaleikara 6. mars næstkomandi og hefjast tónleikarnir kl. 21. Miðasala á [www.salurinn.is](http://www.salurinn.is).

- pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 3. mars 2009**

### Leiklist

**20.00 Leikverkið 4:48** geðtruflun eftir Söruh Kane verður leiklesid í Borgarleikhúsinu, Listabraut 3. Leikstjóri er Heiðar Sumarliðason.

### Fyrirlestrar

**12.00 Bandalag þýðenda og túlka** í samvinnu við Þýðingasetur HI, verður með hádegisspjall í stofu 303 í Árnagarði við Sturlugötu. **Elinóra Inga Sigurðardóttir, Sigrún Þorgeirsdóttir og Þróstur Olav Sigurjónsson** flytja erindi.

**12.00 Halldór Gíslason** arkitekt heldur fyrirlestur í Opna listaháskólanum, Skippholti 1. Allir velkomnir.

**12.05 Jón Ólafsson** heimspekingur flytur erindið „Þversögn andófsins“ í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur ókeypis og öllum opin.



### Sýningar

**Karl Kristján Davíðsson** hefur opnað tvær sýningar. Í Mohawks í Krínglunni sem er opin opnunartíma verslana og á Cafe Rót, Hafnarstræti. Opnið virka daga 12-23:30, lau. 13-00 og sun. 13-22.

**Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)**



# ÞINGMÖN 2009

**Á Iðningi Samtaka iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 5. mars, verður efnt til umræðu um efnahagsmálin.**

**Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.00.**

	Helgi Magnússon <b>Ávarp formanns Samtaka iðnaðarins</b>		Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi <b>Orkumikill iðnaður</b>
	Össur Skarphéðinsson <b>Ávarp iðnaðarráðherra</b>		Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands <b>Menntun á tímum endurreisnar</b>
	Ólafur Ísleifsson, lektor í Háskólanum í Reykjavík <b>Úr hruni til hagsældar</b>		Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyrís <b>Frá heimamarkaði til alþjóðavæðingar</b>

Fundarstjórn er í höndum Svanhildar Hólm Valsdóttur og Sölvu Tryggvasonar.

Þingið er opið og aðgangur ókeypis.

**SI** Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)



**ISLA FISHER**  
ALLT SEM HÚN ÞRÁDI VAR BARA SMÁ YFIRDRÁTTUR

NÝ VINNA...?  
VONANDI

NÝR UNNISTI...?  
KANSKI

NÝTT VESKI...?  
ALGJÓRLEGI!

91/100  
*Entertainment Weekly*

**CONFESSIONS OF A SHOPAHOLIC**

BYGGT Á METSÖLUBÓKINI

**SAMBÍÐN**

LÍTIL MÚS, STÓRIR DRAUMAR

**Desperéaux**

DEFIANCE

FRIDAY THE 13TH

CHIUAHUA

BENJAMIN BUTTON

ROLE MODELS

BEDTIME STORIES

YES MAN

SAMBÍÐN ÁLFABAKKA				SAMBÍÐN SELFOSS			
SHOPAHOLIC	kl. 5:50D - 8D - 10:20D	L		SHOPAHOLIC	kl. 8 - 10:20	L	
SHOPAHOLIC	kl. 5:50 - 8 - 10:20	VIP		VILLTU VINNA MILLJARD	kl. 8	L	12
DESPEREAUX	kl. 5:50	L		FRIDAY THE 13TH	kl. 10:20	L	16
DEFIANCE	kl. 5:50 - 8:30	16		SAMBÍÐN AKUREYRI			
FRIDAY THE 13TH	kl. 10:20	16		SHOPAHOLIC	kl. 6 - 8	L	
CHIUAHUA	kl. 5:50	L		CHIUAHUA	kl. 6	L	
BENJAMIN BUTTON	kl. 8:30	7		DEFIANCE	kl. 8	L	16
ROLE MODELS	kl. 8 - 10:20	12		SAMBÍÐN KEFLAVÍK			
BEDTIME STORIES	kl. 5:50	L		SHOPAHOLIC	kl. 8 - 10:10	L	
YES MAN	kl. 8	7		BRIDE WARS	kl. 8	L	
SAMBÍÐN KRINGLUNNI				FRIDAY THE 13TH	kl. 10	L	16
CONFESSIONS SHOPAHOLIC	kl. 6D - 8:10D - 10:20D	L		<b>ÞRIÐJUDAGSBÍÓ</b> <b>- Í DAG -</b> <b>KR. 500</b> <small>GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG VIP</small>			
DEFIANCE	kl. 8D - 10:40D	16					
BENJAMIN BUTTON	kl. 7 - 10:10	7					
BLOODY VALANTINE - 3D	kl. 6(3D)	16					

**NÝTT Í BÍÓ!**

**THE INTERNATIONAL**

MAGNADUR SPENNUTRYLLIR MED CLIVE OWEN OG NAOMI WATTS Í FANTAFORM!

**LÍTIL MÚS, STÓRIR DRAUMAR**

**Desperéaux**

**STEVE MARTIN**

FRÁBÆR GAMANMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

**THE PINK PANTHER 2**

**MILK**

ERTU UNÐANTÆKNINGIN SEM SANNAH REGLUNA...

**VILTU VINNA MILLJARD?**

8 ÓSKARS VERÐLAUN

**FANBOYS**

FRÉÐAR GAMANMYND UM FIMM VIT SEM ÞRÍFAST

**THE WRESTLER**

**WARS**

**THE READER**

**VALKYRIE**

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000				REGNBÓGINN SÍMI 551 9000			
THE INTERNATIONAL D	kl. 8 - 10:30	16		<b>ÓDÝRT Í BÍÓ!</b>			
THE INTERNATIONAL LÚXUS D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16					
ÆVINTYRI DESPEREAUX	kl. 4 - 6	L		HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 6-9	12	
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 5:15 - 8 - 10:40	12		THE PINK PANTHER 2	kl. 6-8	L	
THE PINK PANTHER 2 D	kl. 4 - 6	L		FROST/NIXON	kl. 5:30 - 10	12	
FANBOYS	kl. 8 - 10:10	L		HOTEL FOR DOGS	kl. 5:30	L	
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 3:45	L		VALKYRIE	kl. 9	12	
VILTU VINNA MILLJARD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12		BRIDE WARS	kl. 8-10	L	
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 4	L					

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **mid.is** FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

**NÝTT Í BÍÓ** SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

**he's just not that into you**

Þrjú myndir romantískar gamanmyndir sem sýnir hvernig á að samskiptum kynjanna

**LÍTIL MÚS, STÓRIR DRAUMAR**

**Ævintýri Desperéaux**

**VILTU VINNA MILLJARD?**

8 ÓSKARS VERÐLAUN

**BIO SÝNINGARTÍMAR**

ÆVINTYRI DESPEREAUX	kl. 6 - Ísl.tal	L
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 5:30, 8 og 10:30	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 8 og 10	L
VILLTU VINNA MILLJARD	kl. 5:45, 8 og 10:15	12

# Gullfalleg Lay Low

Times Online, heimasíða breska dagblaðsins Sunday Times, hvetur tónlistarhugamenn til að gefa söngkonunni Lay Low gaur í framtíðinni. Í dálki sem er tileinkaður efnilegu tónlistarfólki er sviðsljósínu beint að íslensku söngkonunni. „Rólyndis kántrítónlist hennar, sem er flutt á angurværan hátt með smá Reykjavíkur-áhrifum, hefur notið aukinna vinsælda síðustu árin,“ segir í greininni. „Nýjasta plata hennar, Farewell Good Night's Sleep, er gullfalleg afurð þar sem hún syngur á svaflan og lágværan hátt tíu lög eftir sjálfa sig og lag eftir Lefty Frizzell. Þarna er blandað saman honkytonk, kántrí og amerískri þjóðlagatónlist á plötu sem á það skilið að sem flestir hlusti á hana.“



LAY LOW Tónlistarkonan vinsæla fær góða umfjöllun á heimasíðu Times.

# 32 blúsarar spila á Höfn

Hljómsveitin B.Sig, feðgarnir Mugison og Papa Mug, Vax og Pitchfork Rebellion eru á meðal þeirra sem stíga á svið á tónlistarháttíðinni Norður-ljósablús 2009 á Höfn í Hornafirði.



B.SIG

Hátíðin hefst á fimmtudag og stendur fram á laugardag. Alls koma fram 32 blúsmenn og -konur í níu hljómsveitum á hátíðinni, sem er haldin í fjórða sinn. Frítt verður inn á alla tónleika hátíðarinnar.



HRESS OG KÁT Hermann Gunnarsson var hress að vanda, en hann mætti ásamt dóttur sinni, Evu Laufeyju.

# Milljarðamærin snýr aftur

Góð stemning var í Borgarleikhúsinu á frumsýningu Milljarðamærinna síðastliðað föstudagskvöld. Kjartan Ragnarsson leikstýrir sýningunni sem gerist í ónefndu bæjarfélagi í efnahagshruni. Jóhann Sigurðarson og Sigrún Edda Björnsdóttir leika aðalhlutverkin, en Hilmir Snær Guðnason er í hlutverki allra þriggja fyrirverandi eiginmanna Milljarðamærinna. Alls taka um tuttugu manns þátt í sýningunni, leikarar og tónlistarmenn.



Magnús Geir Þórðarson borgarleikhússtjóri og Guðjón Pedersen.



Edda Heiðrún Backman leikkona og Jón Axel Björnsson voru meðal gesta.



Guðrún Helga Agnarsdóttir og Jón Kristjánsson tóku því rólega fyrir sýningu.



Elín Ingvadóttir og Rósa Þorsteinsdóttir.

**FJÖLSKYLDAN Í FYRIRRUMI**

- FRÆDSLUFUNDIR FYRIR FORELDRA

**ÓKEYPIS AÐGANGUR!**

vimulaus.is

**Börn og unglingar í kreppu**

- hvað er til ráða?

Næstu miðvikudaga munu samtökin Vímlausus æska / Foreldrahús bjóða foreldrum til fræðslu- og kynningar um úrræði fyrir börn í vanda. Þar verður foreldrum/ forráðamönnum barna einnig boðin fræðsla um tilfinningar og áhættuhegðun unglinga og hvernig aukid álag í fjölskyldum hefur áhrif á samskipti og líðan á heimilum.

**Fundirnir eru alla miðvikudaga kl. 16.30 – 18.00 í Foreldrahúsi, Borgartúni 6 í Reykjavík**

Dagskrá:

- Fræðsla um áhættuhegðun unglinga (hegðunar og/eða áfengis- og vímuefnavandi), samskipti á heimili (reglur, mörk, agi) vanlíðan barna (s.s. þunglyndi, kvíði).
- Ráðgjöf um möguleg úrræði sem eru í boði (Foreldrahúsi/önnur úrræði).
- Umræður - fyrirspurnum svarað undir leisögn sálfræðings.

Leiðbeinandi: Hrafnís Tekla Pétursdóttir, sálfræðingur

**FORELDRAHÚS**  
Borgartúni 6 105 Reykjavík 511 6161





**SNOOP DOGG** Rapparin hefur gengið til liðs við trúarhreyfinguna Þjóð Íslams. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## Meðlimur Þjóðar Íslams

Rapparin Snoop Dogg hefur gengið til liðs við trúarhreyfinguna Þjóð Íslams. Dogg kom fram á árlegri hátíð samtakanna í Chicago fyrir skömmu og lýsti því síðan yfir að hann væri orðinn meðlimur.

Rapparin, sem spilaði í Egils höll árið 2005, segist ætla að miðla af reynsli sinni innan samtakanna til annarra tónlistarmanna. „Við erum að gera ýmislegt rangt sem þarf að leiðrétta,“ sagði hann. „Ég vil berjast fyrir friði. Ég hef verið í friðarhreyfingunni síðan ég byrjaði að semja tónlist.“ Á meðal annarra rappara sem hafa gengið til liðs við Þjóð Íslams er Ice Cube, sem er þekktari núna fyrir leiklist sína en tónlistariðkun.

## Madea hélt efsta sætinu

Gamanmyndin Madea Goes to Jail hélt sæti sínu á toppi aðsóknarlistans vestanhafs þar sem hún hefur setið í tvær vikur. Tyler Perry leikur aðalhlutverk í myndinni auk þess sem hann er leikstjóri og handritshöfundur. Fjallar hún um kvenkyns persónu hans, Madea, sem er dæmd í fangelsi þar sem hún kemst í kynni við margt undarlegt fólk.

Í öðru sæti var ný þrívíddar-tónleikamynd, The Jonas Brothers, og í því þriðja var Slumdog Millionaire, sem fékk aukna aðsókn eftir Óskarsverðlaunin í síðustu viku. Í fjórða sætinu var Taken og fimmta sætið skipaði Confessions of a Shopaholic.



**OASIS** Bresku rokkararnir í Oasis ætla að bíða með að fara til Kína í fyrsta sinn.

## Oasis aflýsir Kínaferð

Rokkararnir í Oasis hafa aflýst fyrirhugaðri tónleikaferð til Kína í apríl sem hefði orðið sú fyrsta á ferli hljómsveitarinnar. Engar útskýringar hafa verið gefnar á þessari ákvörðun.

Vestrænir listamenn hafa sótt til Kína í auknum mæli á undanförunum árum, þar á meðal The Rolling Stones og Elton John. Engu síður fylgjast þarlend stjórnmöld grannt með því hvaða hljómsveitum er hleypt inn í landið, sérstaklega eftir að Björk olli miklu fjaðrafoki á tónleikum í Sjanghæ á síðasta ári þegar hún sönglaði „Tíbet“.

# Selur DVD-safnið til að komast til Danmerkur

„Þetta hefur gengið rosalega vel,“ segir Pétur Orri Gíslason sem hefur undanfarið staðið fyrir bílskúrssölu á glæsilegu DVD-safni sínu. Í gær höfðu um 400 diskir af þeim 500 sem voru í boði selst á aðeins þremur dögum. Það þýðir um hundrað þúsund krónur í vasaann fyrir Pétur Orra sem ætlar að nota peninginn í flugmiða til Danmerkur og gjaldeyri.

„Ég missti vinnuna um áramótin og mér hefur gengið illa að finna vinnu,“ segir Pétur Orri, sem starfði hjá Eimskip. „Ég er á leiðinni til Danmerkur og ætla að freista gæfunnar þar. Kærastan mín er í námi þar og hún er með íbúð þannig að maður gengur beint í húsnæði.“

Nú á er liðin síðan Pétur keypti sér fyrsta DVD-diskinn en

hann byrjaði þó ekki að safna af alvöru fyrr en fyrir þremur árum. „Árið 2007, þegar dollarinn var í 59 krónum, keypti ég um 200 myndir á Amazon,“ segir hann og er ekkert fúll að sjá að baki safninu. „Maður er ungur enn þá og getur alltaf byrjað aftur seinna meir. Þetta er enginn tilfinningalegur skaði,“ segir hann en jatar þó að hafa tekið tvær bíómyndir til hliðar fyrir sjálfan sig: Big Lebowski og Gladiator.

Deir sem vilja kynna sér úrvalið hjá Pétri geta kíkt í bílskúrinn hans að Stekkjarflöt 9 í Garðabæ í dag frá kl. 16 til 22. Flestar myndirnar eru á 2-300 krónum en sjónvarpsþáttaseriurnar eru flestar á bilinu 1.000 til 3.000 krónur. „Þeim mun meira sem fólk kaupir þeim mun meiri afslátt fær það.“ - fb



**PÉTUR ORRI GÍSLASON** Pétur Orri í bílskúrnum heima hjá sér þar sem hann hefur selt hundruð DVD-diska. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð  
www.skifan.is

**U2**  
**No Line on the Horizon**  
Besta plata U2 í mörg ár

★★★★★  
Rolling Stone

★★★★★  
Q Magazine

★★★★★  
Morgunblaðið

★★★★★  
Spin



## > Kesha aftur með Keflavík

Kesha Watson mun spila með kvennaliði Keflavíkur í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta en þetta kom fram á karfan.is í gær. Kesha ætlaði að spila með Keflavík í vetur en var send heim þegar bankahrunið dundi á þjóðinni. Hún náði þó að vinna Powerade-bikarinn með liðinu áður. Þetta er gríðarlegur liðsstyrkur fyrir kvennalið Keflavíkur sem varð í 2. sæti bæði í deildinni og bikarnum. Kesha varð valin besti leikmaður lokaúrslitanna í fyrra þegar hún var með 26,3 stig, 7,7 fráköst og 7,0 stoðsendingar að meðaltali í leik auk þess að nýta 92 prósent víta sinna.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON: SKORAÐI Í SÍNUM FYRSTA LEIK HJÁ CREWE Í ENSKU C-DEILDinni

# Kom hingað til að spila sem flesta leiki

Það tók Gylfa Þór Sigurðsson ekki nema 35 mínútur að skora sitt fyrsta mark fyrir Crewe þar sem hann er nú í láni frá enska B-deildarliðinu Reading. Þar með eru tveir Íslendingar hjá Crewe, en eins og kunnugt er þá er Guðjón Þórðarson knattspyrnustjóri liðsins.

Undir stjórn Guðjóns hefur liðið tekið miklum stakkaskiptum og unnið fjóra leiki í röð, þann síðasta 4-0 gegn Brighton á úti-velli í miklum fallslag. Crewe er ekki lengur í fallsæti í C-deildinni og segir Gylfi að það sé greinilegt að menn eru ánægðir með störf Guðjóns.

„Guðjón er góður þjálfari og hefur náð að gera góða hluti á stuttum tíma hér. Fyrir fáeinum mánuðum voru allir búnir að afskrifa þetta lið,“ sagði Gylfi sem kom til liðsins seint í síðustu viku. Þetta er í annað

skiptið sem hann er lánaður annað en hann lék í einn mánuð hjá Shrewsbury í D-deildinni.

„Ég er mjög sáttur hér og list vel á félagið. Þetta er stærri klúbbur en Shrewsbury sem er þó með nýjan leikvang. Æfingarsvæðið hér er miklu stærra og betra.“

Hann hóf vistina hjá Shrewsbury með því að skora í sínum fyrsta leik, rétt eins og hjá Crewe.

„Já, ég veit ekki af hverju það er. Vonandi visir að einhverju meira,“ sagði hann spöskur.

Í janúar var mörgum leikjum frestað hjá Crewe sem þarf því að leika tvo leiki í viku út allan marsmánuð. Það hentar Gylfa vel.

„Ég kom hingað til að spila

sem flesta leiki og frábært að fá tvo í viku. Vonandi næ ég að nýta þá vel.“

Gylfi á átján mánuði eftir af núverandi samningi sínum við Reading og stefnir enn á að komast í aðalliðið þar.

„Vonandi fæ ég að sýna Coppell hvað í mér býr hér og svo mun ég skoða hvernig staðan verður í upphafi næsta tímabils. Þá mun ég taka ákvörðun um framhaldið.“

Crewe mætir Carlisle í öðrum fallbaráttuslagi í deildinni í kvöld og verður Gylfi þá í byrjunarliðinu.



## ÚRSLITIN Í GÆR

### Iceland Express kvenna

#### 1. UMFERÐ ÚRSLITAKEPPNINNAR

Hamar-Valur 72-63 (43-38)

**Stig Hamars:** Julia Demirev 23 (19 frák., 5 stoðs.), Lakiste Barkus 21 (11 stoðs.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 15 (8 frák.), Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir 6, Hafurín Hálfánardóttir 5, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 2.

**Stig Vals:** Melissa Mitidiero 22, Signý Hermannsdóttir 18 (21 frák., 7 varin), Þórunn Bjarnadóttir 12, Lovisa Guðmundsdóttir 8, Kristín Óladóttir 2, Guðrún Baldursdóttir 1.

Hamar er 1-0 yfir en vinna þarf tvo leiki til að komast í undanúrslit.

### Iceland Express karla

Keflavík-Njarðvík 73-83 (32-33)

**Stig Keflavíkur:** Sigurður Gunnar Þorsteinsson 24 (9 frák.), Hörður Axel Vilhjálmsson 20, Gunnar Einarsson 9, Jón Norðdal Hafsteinsson 8, Sverrir Þór Sverrisson 8 (10 stoðs.), Elvar Þór Sigurjónsson 4.

**Stig Njarðvíkur:** Heath Sitton 19 (7 frák., 6 stoðs.), Fuad Memcic 16 (10 frák.), Magnús Þór Gunnarsson 16, Friðrik Stefánsson 11, Hjörtur Hrafn Einarsson 8, Sævar Sævarsson 8, Elías Kristjánsson 3, Grétar Garðarsson 2.

KR-Tindastóll 96-80 (61-41)

**Stigahæstir:** Jón Arnór Stefánsson 18, Helgi Már Magnússon 18, Hjalti Kristinsson 13, Jason Dourisseau 12, Jakob Sigurðarson 9, - Svavar Birgisson 18 (10 frák.), Alphonso Pugh 14, Helgi Rafn Viggósson 13, Helgi Freyr Margeirsson 12.

Breiðablik-Stjarnan 83-78 (44-41)

**Stigahæstir:** Nemanja Sovic 28 (15 frák.), Rúnar Ingi Erlingsson 15, Daniel Guðmundsson 11, Þorsteinn Gunnlaugsson 10, Kristján Sigurðsson 10 - Justin Shouse 28, Jovan Zdravevski 21, Ólafur Jónas Sigurðsson 15.

#### STAÐAN Í DEILDinni:

KR	20	19	1	1953-1510	38
Grindavík	20	17	3	1961-1603	34
Snæfell	20	14	6	1652-1468	28
Keflavík	20	12	8	1715-1552	24
Njarðvík	20	11	9	1650-1715	22
ÍR	20	9	11	1640-1647	18
Breiðablik	20	8	12	1547-1763	16
Stjarnan	20	8	12	1701-1742	16

**Tindastóll** 20 7 13 1652-1740 14  
**FSu** 20 7 13 1625-1649 14

**Þór Ak.** 20 6 14 1693-1780 12  
**Skallagrímur** 20 2 18 1265-1885 4

Tværfur eru eftir KR vantar einn sigur til þess að tryggja sér deildarmeistaratitlinn.

# Enginn má vanmeta okkur

Njarðvíkingar unnu báða deildarleiki sína á nágrönnunum í Keflavík eftir tíu stiga sigur í Keflavík í gær. Magnús Þór Gunnarsson og félagar í Njarðvík léku án landsliðsmannsins Loga Gunnarssonar í leiknum en það kom ekki að sök.

**KÖRFUBOLTI** „Mér fannst ég vera kaldur allan leikinn en náði að setja niður tvær í röð þarna á mikilvægum kafla,“ sagði stórskyttan Magnús Gunnarsson eftir að hans menn Njarðvíkingar unnu góðan 83-73 útsigur á Keflavík á gamla heimavellinum hans í Iceland Express-deild karla. Njarðvíkingar unnu verðskuldaðan sigur og hleyptu heimamönnum aldrei á skrið eins og lokatölurnar gefa til kynna.

Njarðvíkingar eiga enn möguleika á 4. sætinu því nú munar aðeins tveimur stigum á liðunum þegar fjögur stig eru eftir í pottinum. Njarðvík er með betri innbyrðisstöðu eftir að hafa unnið báða deildarleiki liðanna í vetur.

Njarðvíkingar skoruðu fyrstu stig leiksins og voru skrefinu á undan lengst af í fyrsta leikhlutana. Sitton var frábær hjá Njarðvík, stýrði leik liðsins af festu og skoraði 10 stig í leikhlutunum, en Sigurður Þorsteinsson var þungamiðjan í sóknarleik Keflavíkur sem fyrr.

Fyrsta karfan í öðrum leikhlutana kom ekki fyrr en eftir um þrjár mínútur og sérstaklega var gaman að fylgjast með baráttu þeirra Friðriks Stefánssonar og Sigurðar Þorsteinssonar undir körfu Njarðvíkinga. Staðan í hálfleik var 33-32 fyrir gestina úr Njarðvík.

Njarðvík var áfram með undirtökin en um miðbik þriðja leikhluta tóku Keflavíkingar góða rispu þar sem Sigurður Þorsteinsson fór mikinn og varði skot Njarðvíkinga tvær sóknir í röð og kveikti í áhorfendum. Sigurður skoraði líka tvær körfur á þessum kafla og útlit fyrir að heimamenn væru að vakna til lífsins. Tveir stórir þristar í röð frá Magnúsi Gunnarssyni í lokin tryggðu hins vegar

að gestirnir höfðu yfir 58-50 í lok þriðja leikhluta.

Njarðvíkingar náðu ellefu stiga forskoti snemma í fjórða leikhluta sem Keflavíkingar náðu aldrei að vinna upp þrátt fyrir stífa varnartilburði og baráttu. Njarðvíkingar spiluðu agaðan leik á lokaspertinum og tryggðu sér verðskuldaðan 83-73 sigur.

Heath Sitton átti skínandi leik í liði Njarðvíkur og skoraði 19 stig, hirti 7 fráköst og gaf 6 stoðsendingar.

Friðrik Stefánsson og Fuad Memcic voru fyrirferðarmiklir undir körfunni og Magnús Gunnarsson setti niður skot á góðum tíma þrátt fyrir að hitta fremur illa í leiknum.

Hjá Keflavík var miðherjinn Sigurður Þorsteinsson bestur og Hörður Axel átti þökkalegan leik, en Keflavíkingar hafa oft leikið betur á heimavelli sínum.

„Ég er nú þekktur fyrir að setja frekar niður skotin þegar á reynir og mér fannst allt liðið standa sig vel í kvöld. Við stjórnunum hraðanum í þessum leik. Þeir vilja hlaupa allan leikinn en við héldum þeim í 73 stigum. Við bara stjórnunum hraðanum í þessum leik. Það var gaman að koma hingað í fyrsta skipti og vinna,“ sagði Magnús og glotti. „Við erum búnir að sýna að við erum með hörkulið enda eigum við Loga enn inni. Ég held að megi enginn vanmeta okkur,“ bætti Magnús við en Logi

**FULLT HÚS GEGN GÖMLU FÉLÖGUNUM** Magnús Þór Gunnarsson hefur enn ekki tapað leik á móti Keflavík síðan hann skipti yfir í Njarðvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Hádegisfundir ÍSÍ 2009

Föstudagur 6. mars. kl. 12.00-13.00 í E-sal Íþr.-miðstöðvarinnar í Laugardal. Kynning á nýju fyrirkomulagi fræðslunámskeiða ÍSÍ. Aðgangur ókeypis og öllum heimill. Upplýsingar gefur sviðsstjóri fræðslusviðs ÍSÍ í síma 460-1467 og á [vidar@isi.is](mailto:vidar@isi.is). Sjá nánar á [www.isi.is](http://www.isi.is)

# Félagssfundur

Verður haldinn fimmtudaginn

5. mars n.k. kl. 17.00

í félagsheimili FBM Hverfisgötu 21

#### Dagskrá:

- **Atvinnumál**  
- aðstoð við félagsmenn í atvinnuleit
- **Horfur í efnahagsmálum 2009-2011,**  
- hagspá ASÍ
- **Kjarasamningar**
- **Staða og horfur hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum**  
- Kristján Örn Sigurðsson framkvæmdastjóri sjóðsins
- **Framboð til stjórnar FBM**  
- kynning frambjóðenda
- **Önnur mál**



Félagsmenn eru hvattir til að mæta

Félag bókaþegðarmanna  
HVERFISGÖTU 21 SÍMI 552 8755  
[www.fbm.is](http://www.fbm.is) [fbm@fbm.is](mailto:fbm@fbm.is)

Hamar er komið í 1-0 gegn Val í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna:

# Fyrsti heimasigur liðsins á árinu

**KÖRFUBOLTI** Hamar er komið í 1-0 gegn Val í 1. umferð úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna en liðin eru að keppa um sæti í undanúrslitunum. Hamar vann 72-63 sigur í fyrsta leiknum í Hveragerði í gær en það lið sem fyrr vannur tvo leiki fer áfram.

Hamarliðið var með frumkvæðið nær allan leikinn eftir að liðið komst yfir í 1. leikhlutunum. Valskonur voru þó aldrei langt undan. Hamar var 43-38 yfir í hálfleik og 53-50 fyrir lokaleikhlutunum.

Þetta var langþráður sigur hjá heimastúlkum. Hamarsliðið hafði aðeins unnið einn af tíu leikjum sínum á nýju ári og þetta var fyrsti heimasigur liðsins á árinu.

Lakiste Barkus var besti maður vallarins með 21 stig og 11 stoðsendingar og þá var Julia Demir-



**FLOTT Í GÆR** Hamarsstúlkann Fanney Lind Guðmundsdóttir átti góðan leik gegn Val.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

er með 23 stig og 19 fráköst. Fanney Lind Guðmundsdóttir átti flottan dag en hún var að leika sinn fyrsta leik í úrslitakeppni. Fanney var sérstaklega öflug í fyrri hálfleik þegar hún skoraði 11 af 15 stigum sínum.

Hjá Val var Signý Hermannsdóttir mjög öflug með 18 stig, 21 frákast og 7 varin skot. Melissa Mitidiero var með 22 stig en Valsliðið hafði unnið fyrstu tvo leiki sína með hana innanborðs.

Næsti leikur liðanna er í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda á morgun en þá getur Hamar tryggt sér sæti í undanúrslitum en vinni Valur verður oddaleikur í Hveragerði á laugardaginn.

Hitt einvígið í 1. umferð úrslitakeppninnar hefst í kvöld þegar bikarmeistarar síðustu tveggja ára, KR og Grindavík, mætast í DHL-Höllinni.

- 66j





MAÐUR LEIKSINS Karen Knútsdóttir skoraði 12 mörk í bikarúrslitaleik 3. flokks kvenna. FRÉTTABLAÐID/ARNÞÓR

Bikarúrslitahelgi handboltans: **Sjö félög urðu bikarmeistarar**

**HANDBOLTI** Sjö félög eignuðust bikarmeistarar í handboltanum um helgina. Valur og Stjarnan urðu bikarmeistarar meistaraflokkanna á laugardaginn og daginn eftir var keppt í bikarúrslitum hjá yngri flokkunum þar sem fimm önnur félög tryggðu sér bikarinn.

Bikarúrslit yngri flokkanna í handboltanum voru haldin eins og undanfarin ár við nákvæmlega sömu aðstæður og hjá meistaraflokkunum daginn áður.

HK varð bikarmeistari í 2. flokki karla, ÍR varð bikarmeistari í 3. flokki karla og Gróttta varð bikarmeistari í 4. flokki karla. Akureyrarliðin tvö þurftu að sætta sig við nauma ósigra, Akureyri tapaði meðal annars í tvíframlengdum leik þar sem norðanmaðurinn Sveinbjörn Pétursson varði um 30 bolta í liði HK.

Hjá stelpunum varð Fram bikarmeistari í 3. flokki eftir æsispennandi leik við Stjórnuna. Fylkir vann síðan bikarinn í 4. flokki kvenna eftir úrslitaleik á móti Gróttu.

- 66j



Í STUÐI Eva Rós Guðmundsdóttir skoraði 46 stig og tók 38 fráköst í tveimur bikarúrslitaleikjum sínum.

Bikarúrslit yngri flokkanna:

**Keflavík vann fjóra bikara**

**KÖRFUBOLTI** Keflavík nýtti sér vel heimavöllinn í bikarúrslitum yngri flokkanna í körfunni og vann alla fjóra úrslitaleiki sína um helgina. Keflavík sá um að halda bikarúrslitin að þessu sinni og fóru allir úrslitaleikirnir fram í Toyota-höllinni á laugardag og sunnudag.

Keflavík varð bikarmeistari í 9. og 10. flokki kvenna, stúlkna-flokki og unglingaflokki. KR vann bikarinn í unglingaflokki kvenna og 9. flokki karla, Fjölnir vann 11. flokk karla og drengja-flokk og Njarðvík varð bikarmeistari í 10. flokki karla.

Keflvíkingurinn Eva Rós Guðmundsdóttir náði því að vera kosin maður leiksins í báðum leikjum sem hún spilaði en hún var með 23 stig, 18 fráköst og 5 stoðsendingar í sigri 9. flokks og tröllatvennu (23 stig og 20 fráköst) í sigri stúlknaflakks þar sem hún var að spila tvö ár upp fyrir sig.

- 66j

Snæfellingar hafa unnið 10 af síðustu 11 leikjum sínum í Iceland Express-deild karla í körfubolta:

**Tveir dramatískir sigrar á þremur dögum**

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingar minntu heldur betur á sig í Iceland Express-deildinni í körfubolta þegar þeir unnu 89-88 sigur á Grindavík í Stykkishólmi á sunnudagskvöldið. Þetta var fyrsta deildartap Grindavíkur síðan liðið fékk til sín Nick Bradford. Hann fékk að kynnast sterkum varnarmönnum Snæfells og sást varla í leiknum.

Dramatíkin hefur verið mikil í síðustu tveimur sigrum Snæfells. Í 68-67 sigri á FSu á fimmtudagskvöldið var það annar þjálfari Snæfells, Sigurður Þorvaldsson, sem tryggði liðinu sigur um leið og lokaflautan gall en í leiknum á móti Grindavík skoraði Jón

Ólafur Jónsson sigurkörfuna þegar aðeins níu sekúndur voru eftir.

Bandaríski bakvörðurinn Lucious Wagner Wagner var þá með boltann.

„Hann var aðþrengdur og það var ekkert í gangi hjá okkur. Það var búið að vera svolítið hnoð í síðustu sókninni og þeir voru að dekkja okkur hátt upp á vellinum. Ég sá færi að hlaupa bakdyramegin inn að körfu og fékk boltann,“ sagði hetja

**HETJAN** Jón Ólafur Jónsson, skoraði sigurkörfu Snæfells gegn Grindavík. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN



Snæfellinga, Jón Ólafur Jónsson. Í leiknum gegn FSu var lokakerfið sett upp fyrir hann en hann var stífdekkadur og á endanum fékk Sigurður Þorvaldsson boltann með rétt svo nægan tíma til að skora sigurkörfuna. Nú var hins vegar komið að Jóni Ólafi að vera hetjan.

Snæfellsliðið er mjög hávaxið lið og það fengu Grindvíkingarnir Nick Bradford og Páll Axel Vil-

bergsson að kynnast í Hólminum á sunnudagskvöldið en þeir skoruðu bara 14 stig saman. „Okkur hefur alltaf gengið vel með menn eins og Bradford,“ segir Jón Ólafur. „Við getum allir hreyft okkur,“ sagði Jón Ólafur sem átti mikinn þátt í því að halda Páli Axeli í 10 stigum.

Jón Ólafur er búinn að spila mjög vel í vetur og hann er líka ánægður með sitt framlag. „Ég er mjög sáttur. Þetta er búið að vera mjög gaman í vetur. Ég er kominn með mikið sjálfstraust og nú er bara að halda sér heilum þegar fjörið fer að byrja,“ segir Jón Ólafur og á þá við úrslitakeppnina.

- 66j

skemmtilegrí

# Idol

10 MANNA ÚRSLIT Í BEINNI

## MARS ER Í BEINNI

ÞAÐ ER ÓDÝRT AÐ BÆTA VIÐ SIG SPORTRÁSUNUM

BARCELONA - LYON  
LIVERPOOL - REAL MADRID  
JUVENTUS - CHELSEA  
MAN. UTD. - INTER  
ROMA - ARSENAL

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

TIGER Í BEINNI

GREY'S ANATOMY

LOGI Í BEINNI

LITTLE BRITAIN USA

AMERICAN IDOL

VERÐARSKRIFT AÐ STÓÐ 7 JAHNHELDUR: P P P P P P P P P P AUK STICVAXANSI AFPLATAR

512 5300 | STÓD2.IS | VERSLANIR VOGAFONE | VERSLANIR OG JÓNUSTUVER SIMANS BÓD 7000



## > Tom Wilkinson

„Það er barnaleikur að leika eftir góðu handriti. Að leika eftir slæmu handriti er aftur á móti mikil áskorun.“ Wilkinson leikur í myndinni *Separate Lies* sem sýnd er á Stöð 2 bíó.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á FALSARA Á RÚV

# Gamlir, góðir vinir og græðgi Enron

Tilvist Spaugstofunnar á þessum síðustu og verstu tímum er nauðsynleg eins og vinsældarmælingar hafa staðfest að undanfögnu. Með því að gera látaust grín að krepunni og stappa sömuleiðis stálinu í fólk, eins og í síðasta þætti, tekst þeim félögum að létta lund almennings sem er orðinn hundleiður á allri neikvæðninni. Í síðasta þætti léku þeir á als oddi, fönndruðu með reikninga, fölsuðu þá og gerðu látaust grín að aðgerðarleysi stjórnvalda. Gamlir kunningjar eins og fúllyndi fönndrarinn og málhalti menningarvitinn voru dregnir fram og maður gat ekki annað en brosað út í annað. Þegar allt annað gengur á afturfótunum er alltaf hægt að treysta á gamla vini.



Fjallað var um annars konar falsara, öllu ósvífnari, í áhugaverðri heimildarmynd á RÚV um Enron-hneykslið. Græðgin og síðblindan var þar í algleymingi, sem eru sjúkdómar ekki eingöngu bundnir við Bandaríkin. Ötrúlegt hvernig þessir náungar fengu að vaða uppi. Þeir gerðu grín að eftirlitsaðilum og blaðamönnum sem voguðu sér að gagnrýna þá en sá hlær best sem síðast hlær, ef svo má að orði komast.

Samanburðurinn við ástand mála hér á landi undanfögnu ár hreinlega óskræði á mann. Svona lagað má ekki gerast aftur. Græðgin verður samt alltaf til staðar en það verður bara að hafa hemil á henni, annars vitum við hvað gerist.

SPAUGSTOFAN Tilvist Spaugstofunnar er nauðsynleg á þessum síðustu og verstu tímum.

## PRÍÐJUDAGUR



▶ 19.40 Káta maskínan SKJÁREINN



▶ 19.55 Liverpool – Sunderland, beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ 20.00 Worst Week STÖÐ 2



▶ 20.30 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ 21.25 Viðtalið SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

- 16.00 Fréttaukinn (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Bjargvætturinn (19:26)
- 17.55 Lítil prinsessa (6:15)
- 18.05 Þessir grallaraspóar (2:10)
- 18.10 Skólahreysti (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Mæðgurnar (Gilmore Girls VII) (15:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistiús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar.
- 20.55 Klútatílaunin (Törklæde-experimentet) (2:3) Dönsk þáttaröð. Feministi, fyrirsæta og kristin lesbía sem kennir trúarbragðfræði ganga með höfuðklút að hætti múslimkvæmna í fjóra daga og segja frá upplifun sinni.
- ▶ 21.25 Viðtalið (Kenneth Rogoff) Bogi Ágústsson ræðir við Kenneth Rogoff prófessor í hagfræði við Harvard-háskóla. Hann hefur meðal annars unnið fyrir Seðlabanka Bandaríkjanna og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og var prófessor við Stanford-háskóla.
- 22.00 Tiufréttir
- 22.20 Dauðir rísa (Waking the Dead V) (12:12) Breskur sakamálaflakkur um Peter Boyd og félag hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst.
- 23.15 Hvarf (Cape Wrath) (6:8) (e)
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.35 Dagskrárlok

## BÍÓ

- 08.00 To Walk with Lions
- 10.00 Kapteinn skögultönn
- 12.00 My Date with Drew
- 14.00 To Walk with Lions
- 16.00 Kapteinn skögultönn
- 18.00 My Date with Drew
- 20.00 Separate Lies Áhrifark og dramatisk kvikmynd með Tom Wilkinson, Emily Watson og Rupert Everett í aðalhlutverkum.
- 22.00 Yes
- 00.00 Hawaii, Oslo
- 02.05 Palindromes
- 04.00 Yes
- 06.00 Manchester United: The Movie

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram, Dynkur smáeðla, Dóddi litli og Eyra-stór, Krakkarnir í næsta húsi.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (264:300)
- 10.15 Tím Gunn's Guide to Style (5:8)
- 11.05 Ghost Whisperer (44:44)
- 11.50 Men in Trees (10:19)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Hollyoaks (137:260)
- 13.25 Elizabethtown
- 15.25 Sjáðu
- 15.55 Tutenstein
- 16.18 Ben 10
- 16.43 Stuðboltastelpurnar
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (5:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.35 The Simpsons (19:22) Simpson-fjölskyldan neyðist til að leggja á flótta eftir að hafa fyrir slýsi drepið krókóðil í sumarfrí á Flórída.
- ▶ 20.00 Worst Week (11:15) Gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdafóreltra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra sé ólétt og að hann ætli að giftast henni.
- 20.25 How I Met Your Mother (8:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnst enn betur vininum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynntist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.
- 20.50 Burn Notice (13:13)
- 21.35 Rescue Me (12:13)
- 22.20 The Daily Show: Global Edition
- 22.45 Auði og Sveppi
- 23.15 Grey's Anatomy (14:24)
- 00.00 Control
- 01.45 Silent Witness (9:10)
- 02.40 Elizabethtown
- 04.40 Rescue Me (12:13)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

- 17.35 Þýski handboltinn - Markaðttur Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmeilivarða.
- 18.05 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram í Georgia Dome-höllinni í Atlanta.
- 19.00 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
- 19.30 Atvinnumennirnir okkar Logi Geirsson.
- 20.10 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur úr Meistaradeildinni.
- 21.50 Meistaradeild Evrópu - Meistararmörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
- 22.20 PGA Tour 2009 - Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótardönni í golfi.
- 23.15 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
- 23.45 NBA tilþríf Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþríf vikunnar í NBA körfuboltanum.

## SPORT 2

enski boltinn

- 14.40 Hull - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.20 Everton - WBA Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlíðum.
- 18.30 Coca Cola mörkin 2008/2009 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaðttum.
- 19.00 Premier League Review 2008/09 Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífín á einum stað.
- ▶ 19.55 Liverpool - Sunderland Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.00 Portsmouth - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.40 WBA - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.55 Vörutorg
- 17.55 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 18.40 Spjallið með Sólva (2:6) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sólvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. (e)
- ▶ 19.40 Káta maskínan (5:9) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er eftst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kímum listalífins. Þorsteinn er með nýstárlega nálgun og áhorfandinn fær þannig skemmtilega innsýn í hugarheim og þælingar listafólksins.
- 20.10 The Biggest Loser (6:24) Bandarísk raunveruleikasæra þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Líðin undirbúa sig fyrir vigtunina. Tekst rauða liðinu að rétta úr kútnum eða verður þriðji meðlimurinn sendur heim?
- 21.00 Top Design (9:10) Ný, bandarísk raunveruleikasæra þar sem efnilegir innanhúshönnuðir keppa til sigurs.
- 21.50 The Dead Zone (12:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálpa að halda. Það er komið að lokabættinum að sinni og Johnny reynir að koma í veg fyrir að varaforseta Bandaríkjanna sé sýnt banatílaun en þarf í leiðinni að hjálpa þeim sem mun verða kennt um tílraðið.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfluglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
- 23.30 CSI (7:24) (e)
- 00.20 Vörutorg
- 01.20 Óstöðvandi tónlist

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
- N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

VILTU KAUPA, SELJA EÐA LEIGJA?  
STÆRSTI OG ÖFLUGASTI  
FASTEIGNA- OG LEIGUVEFUR  
LANDSINS!

YFIR 15.000 EIGNIR Á SKRÁ

VÍSIR.IS

FÉLAG FASTEIGNASALA



Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**  
**Burn Notice**

Hraðir og hörkufyndnir spennuþættir í anda Bonds og Chucks. Njósnaþing Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósna sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Þetta þýðir að hann er orðinn atvinnulaus og einnig eftirsóttasta fórnarlamb helstu glæpamanna heimsins. Westen er staðráðinn í að finna þann sem lét útskýfa honum og til að ná endum saman gerist hann einkaspæjari í heimabæ sínum þar sem verkefni geta orðið ansi ómerkileg fyrir „alvörunjósna“. Ekki missa af spennandi lokapætti í kvöld.



► **VIÐ MÆLUM MED**

**Top Design**

**SkjárEinn kl. 21.00**  
Ný bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika. Það eru aðeins þrjú hönnuðir eftir og nú eiga þeir að sækja hugmyndir sínar í forsiður Elle Decor-tímaritsins.



**RÁS 1 FM 92,4/93,5**

- 06.38** Morgunvaktin
- 06.50** Bæn
- 07.03** Auðlindin
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.11** Morgunstund með KK
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.05** Okkar á milli
- 09.45** Morgunleikfimi
- 10.13** Pipar og salt
- 11.03** Samfélagið í nærmynd
- 12.00** Fréttayfirlit
- 12.02** Hádegisútlarp
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00** Vött og breitt
- 14.03** Horfinn heimur - aldamótin 1900
- 15.03** Útlarpssagan: Sögur úr Síðunni
- 15.30** Hljómsveit Charles Mingus leikur
- 16.00** Síðdegisfréttir
- 16.13** Hlaupanótan
- 17.03** Víðsjá
- 18.00** Kvöldfréttir
- 18.16** Spegillinn
- 18.50** Dánarfregnir
- 19.00** Endurómur úr Evrópu
- 20.00** Leynifélagið
- 20.30** Bláar nótur í bland
- 21.00** Í heyranda hljóði
- 22.07** Veðurfregnir
- 22.12** Lestur Passíúsálma
- 22.18** Fimm fjórðu
- 23.05** Gatan mín
- 00.07** Næturtonar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útlarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útlarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

**EXTRA**

- 16.00 Hollyoaks** (136:260)
- 16.30 Hollyoaks** (137:260)
- 17.00 Seinfeld** (3:22)
- 17.30 Ally McBeal** (14:24)
- 18.15 The O.C.** (11:27)
- 19.00 Hollyoaks** (136:260)
- 19.30 Hollyoaks** (137:260)

**20.00 Seinfeld** (3:22) Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

► **20.30 Ally McBeal** (14:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**21.15 The O.C.** (11:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.00 Men in Trees** (19:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.

**22.45 The Lost Room** (4:6) Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf ganga að einu og sama mótélherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér stað.

- 23.30 Weeds** (1:15)
- 00.00 Logi í beinni**
- 00.45 Auði og Sveppi**
- 01.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

**INN**

**20.00 Hrafnáþing** í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Pólitísk hringborð um efnahagsmál Íslendinga.

**21.00 Ármann á alþingi** Þingmaðurinn Ármann Kr. Ólafsson rýnir í stjórnmálin.

**21.30 Kristinn H.** Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður tekur fyrir sveitarstjórnamál.

**Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

**DR 1**

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Når mor og far drikker **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM - Din digitale medieguide **15.30** Braceface **15.50** Mus med snue **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Mission. Baby **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Beck **22.30** Livvagterne **23.30** Boogie Mix

**NRK1**

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Walkabout **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjertet **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Travelmysteriene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Landeplage **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extratrekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** History of Violence **23.45** Mat i faresonen **00.15** Kulturmytt

**SVT 1**

**12.35** Landstormens lilla argbigga **14.05** Europa - en naturhistoria **15.00** Rapport **15.05** Comorron Sverige **15.55** Diplomaterna **16.25** Flytlasset går **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturmyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mästarnas mästare **20.00** Andra Avenyn **20.45** Låt de små bamen... **22.30** Kulturmyheterna

**Af litlum neista...**

Skammtíamæðferð  
Hlöt og virk hemlun á sýruseytingu  
Prótónupumpuhemil  
Kröftug sýrustjórnun  
Kroftug stjórnun sýruseytingar  
Sýrubolin hylki  
Sættækur verkunarháttur  
Brjóstsvið  
Meðferð  
Magasýra  
Lauasösu  
Slyfjaks  
Eftirbyggjandi  
Kantösu

**Omeprazol Actavis**

- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði

**20 mg, 28 stk fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

**Notkunarsvið:** Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazol sem hemur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir ómeprazoli eða einhverju öðru innihaldsefni, skert lifrarstarfsemi, notkun Omeprazol Actavis á sama tíma og sýklalyfið claritromýcin, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavir. **Varúð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfðileikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifrar- eða nýrnastarfsemi er skert. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðgangna/brjóstgjöf:** Leitð að ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heymartuflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýrupólíð hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækninn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýrupólunni hylkin með glasi af vökva. Sýrupólunni hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýrupólunni hylkin. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Janúar 2009





## LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það fer eftir því hvernig skapi ég er í. Á föstudögum hlusta ég á þungarokk eða danstónlist, til dæmis Rammstein eða Marilyn Manson. Á mánudögum hlusta ég á útvarpið og stilli á morgun-útvarpið á Bylgjunni og Rás 2 eftir hádegi.“

Puríður Stefánsdóttir, snyrti- og fórðun-arfræðingur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. hvetja, 6. ryk, 8. segi upp, 9. bjargbrún, 11. guð, 12. erfiði, 14. hindrun, 16. tvíhljóði, 17. hestaskítur, 18. berja, 20. í röð, 21. slæma.

## LÓÐRÉTT

1. samskonar, 3. tveir eins, 4. verðgildi, 5. keyra, 7. skikkja, 10. af, 13. hnoðað, 15. innfyli, 16. írafár, 19. málmur.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. eins, 3. ry, 4. verðmat, 5. aka, 7. möttull, 10. frá, 13. elt, 15. tað, 18. slá, 20. tu, 21. illa.  
LÁRÉTT: 2. örva, 6. ím, 8. rek, 9. nóf, 11. ra, 12. streð, 14. tálmi, 16. au, 17. iður, 19. asl, 19. ál.

## VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 8.

- 4,3 á Richter.
- Tvær.
- Sambíu.

## Útsvarsvíkingur með Gettu betur-lið MK

„Hörður Ingi hafði öðrum hnöppum að hneppa. Við komumst að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að rétt væri að hann einbeitti sér að því frekar en að pína sig á þessu. Þetta er persónulegt mál og ákveðinn léttir fyrir hann að þurfa ekki að leggja á sig þetta mikla erfiði sem keppninni fylgir. Og var þessi niðurstaða fengin í fullkominni sátt,“ segir Víðir Smári Petersen, spurningaljón í Kópavogi, ásamt félaganum sínum, Hafsteini Víðari Hafsteinssyni.

Sá einstæði viðburður varð nú nýverið að Gettu betur-liði skipti út manni í miðri keppni. Hörður Ingi Gunnarsson er farinn úr liðinu en í hans stað kemur Unnur Hólmfríður Brjánsdóttir. Fyrir eru þeir Ingi Þór Sæmundsson og Bjarni Þór Sigurbjörnsson. Á laugardag er hörkuleikur en þá takast Kópavogsbúar á við hina hræðilegu Borgar-

holtsskólagrafly. „Þetta er sama lið hjá þeim og vann okkur í fyrra. Þetta er í fjórða skipti sem við lendum á móti Borgarholtsskóla í sjónvarpinu og höfum alltaf tapað. Í Morfís líka,“ segir Víðir Smári. Og helst á honum að heyrja að nú verði hefnt því hann metur það svo að þrjú til fjögur lið séu líklegust og lið Kópavogsbúa ætti að vera þar á meðal. Sjálfur var hann í Gettu betur-liði Menntaskólans í Kópavogi á sínum tíma. „Í þrjú ár. Ég náði ekki mjög langt eða í átta liða úrslit tvö ár í röð.“ En Víðir hefur heldur betur náð að bæta það upp í Útsvari, spurningakeppni sveitarfélaganna, en lið Kópavogs hefur vakið mikla athygli fyrir einarða framgöngu og mikið keppnisskap. Liðið er komið í úrslit en það vann keppnina í fyrra. Víðir Smári segist ekki heyra annað en að fólk kunni að meta það að færst hafi aukin harka í keppnina.

-jbg



GETTU BETUR-LIÐ KÓPAVOGS Hólmfríður er komin í liðið í stað Harðar Inga. Á laugardag verður tekist á við Borgarholtsskólagraflyna ógurlegu. Frá vinstri: Bjarni, Unnur, Hafsteinn Víðari, Ingi og Víðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EVA MARÍA: DJ GLIMMER LEIKUR DISKÓ OG PARTÍSLAGARA

## ENGA KARLA Á ÁRSHÁTÍÐ KVENNA MEÐ KONUM

„Félagið KMK – Konur með konum – heldur hina árlegu Góugleði á Silfri um næstu helgi þar sem ég og kærastan mín munum spila fyrir dansi. Kvöldið er eins konar árshátíð félagsins og verður Ólafía Hrönn Jónsdóttir veislustjóri og heidursgestur kvöldsins verður Margrét Pála Ólafsdóttir,“ segir Eva María Þórarinsdóttir, annar helmingur dúettsins DJ Glimmer. Birna Hrönn er hinn helmingurinn.

Það stendur mikið til hjá Konum með konum sem er eins konar undirfélag sem tengist Samtökunum '78. „Þetta félag gerir allt milli himins og jarðar; grillveislur, farið í keilu og alls konar uppákomur eru á dagskrá og svo er það Góugleðin. Árhátíð,“ segir Eva María. Vart þarf að taka það fram að engir karlar fá aðgang að viðburðum sem eru á vegum Kvenna með konum en þar er dundurlið, að sögn Evu Maríu sem heldur hópinn. „Þetta er eina ballársins þar sem eru bara stelpur. Á „Samtakaböllum“ er þetta blandað. En þetta segir sig sjálf. Bara konur. Það sem er sérstaklega gaman við þetta er að þarna sam-einast aldurshópar og eru þeir sem mæta frá tvítugu alveg upp í sextugt þess vegna. „Ef maður fer út að skemmta sér er meðalaldurinn ekki hár. Sjálf er ég þrítug og mér líður oft sem aldursforseta. En þarna eru samkynhneigðar konur að skemmta sér saman. Boðið verður upp á nokkur skemmtatriði en félagið á rætur að rekja allt aftur til ársins 1985.“



DJ GLIMMER Í GÓÐUM GÍR Að sögn Evu Maríu er tónlistin sem samkynhneigðir hlusta á „hýr“ og dansvæn. DJ Glimmer spilar því diskó og partíslagara.

Dúettinn DJ Glimmer leikur einkum diskótónlist og partíslagara. Eva María segir það svo að tónlist sem samkynhneigðir hafa gaman af sé oft „hýr“. „Það fer ekkert á milli mála að þetta er tónlist sem á að dansa við.“

Eva María þakkar sínum sæla fyrir að búa á Íslandi þar sem fordómar gagnvart hommu og lesbíum eru hverfandi. „Samkynhneigðir eru 5 til 7 prósent mannkyns. Það má hafa í huga. Sem er

ágætis fjöldi. Okkar samfélag er mjög „líberal“ og það eru forréttindi. Það er miserfitt fyrir einstaklinga að koma út úr skápnunum en þá er kannski ekki síst við að eiga innri togstreitu. Ég ólst upp á Ítalíu þar sem þetta er allt öðru vísi. Kapólsk trú ríkjandi og gamaldags hugsunarháttur. Hér hefur þetta snúist við. Þú ert hallærislegur verðir þú uppvís að fordómum.“

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Í mark-hátíðin var haldin um helgina á Hilton Nordica og má heita að Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri og auglýsingastofan Fiton hafi verið ótvíræður sigurvegari kvöldsins með fimf verðlaunum. Ein verðlaunanna vöktu nokkra athygli, ekki síst þeirra sem fengu, en þar var um að ræða Glæpafaraldur Eymundsson í flokki auglýsingaherferða. **Viggó Jónsson** á Jónsson & Le'macks veitti verðlaunum viðtöku og hældi sér af því að hafa fengið verðlaunin fyrir sömu auglýsingaherferð og árið áður. Var um endurvinnslu að ræða á sömu herferðinni og hann sagði að þetta mætti heita dæmigert fyrir tíðarandann: Endurvinnsla.



**Birna Þórarinsdóttir** hélt upp á sextugsafmæli sitt með miklum glæsibrag í lönó um helgina. Vínir hennar og velunnar komu henni rækilega á óvart með að fljúga suður sjálfri Helenu Eyjólfsdóttur sem söng Hvíta máva með Andreu Gylfadóttur þannig að gestir Birnu tárudust. Í hljómsveit sem tróð upp voru Stuðmennirnir Jakob Frímann, Ásgeir Óskarsson og Tómas Tómasson ásamt Magnúsi Einarssyni. Engin ellimerki er að sjá á byltingarkonunni Birnu sem gerði sér lítið fyrir og fór í splitt við mikinn fögnuð gesta. -jbg



## „...fyrst á visir.is“



**VISIR.IS**

...ég sá það á visir.is



Hringdu í síma

**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki

## Síamstvíburar í Þjóðleikhúsinu

„Jú, við erum svona að gera tilraunir með þetta. Erum að æfa okkur í að annað drekki og hitt ropi og tala samtímis,“ segir Ívar Örn Sverrisson leikari. Ívar leikur síamstvíbura ásamt Vígðísi Hrefnu Pálsdóttur í verkinu Sædyrasafnið í Kassanum í Þjóðleikhúsinu sem sýnt verður í lok mars. Mikil spennan er fyrir verkinu í Frakklandi og mun sjónvarpsstöðin ARTE koma og fylgjast með lokaæfingum á verkinu. „Ástæðan fyrir spenningnum er sú að höfundur verksins er mjög þekktur rithöfundur þar í landi, Marie Darrieussecq, og þetta er hennar fyrsta leikverk. Það er fyrst sýnt hér á landi en svo er það sýnt úti í lok maí en það er uppselt á allar sýningarnar í Frakklandi,“ segir Ívar. Þjóðleikhússtjóri sá verk eftir Marie Darrieussecq á listahátíð og kom sér í samband við hana og úr varð þetta samstarfsverkefni. Sjón þýðir verkið á íslensku, Barði sér um tónlistina og Erna Ómarsdóttir sér um sviðshreyfingar. Auk Ívars og Vígðisar Hrefnu leika svo Stefán Hallur Stefánsson, Björn Hlynur Haraldsson, Elva Ósk Ólafsdóttir



FÖST SAMAN Ívar Örn Sverrisson og Vígðís Hrefna Pálsdóttir eru að æfa sig í að vera samstiga og tala sem eitt. Þau eru að gera tilraunir með hvar þau verði föst saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og Margrét Vilhjálmsdóttir aðalhlutverkin.

Ívar Örn og Vígðís Hrefna eiga ærið samhæfingarverkefni fyrir höndum. Aðeins einu sinni áður hafa síamstvíburar verið leiknir á íslensku sviði og það var fyrir meira en tuttugu árum. Ívar og Vígðís Hrefna þekkjast vel fyrir, voru bekkjarsystkin í Leiklistar-

skólanum og hafa því smá forskot á nán kynni. Ívar segir að síamstvíburarnir tali, eins og margir aðrir tvíburar, sitt eigið tungumál. „Ég hef aðeins kynnt mér síamstvíbura á netinu og svo kom það sér vel að þáttur um síamstvíbura var nýlega sýndur í Ríkissjónvarpinu. Þetta er spennandi verkefni,“ segir Ívar. -jma



**Toppraðu með**



**NORÐUR**

**Fræðslukvöld og skemmtileg myndasýning  
á morgun, miðvikudaginn 4. mars kl. 20:00**

Leiðsögumenn Íslenskra Fjallaleiðsögumanna fara yfir atriði sem gott er að hafa í huga við val á fatnaði fyrir fjallgöngur en ræða auk þess um mikilvægi næringar og drykkja. Þá mun Tómas Guðbjartsson, læknir, fjalla um háfjallaveiki.

Staðsetning: Verslun 66° Norður, Faxafeni 12.

Nánari upplýsingar á [www.66north.is](http://www.66north.is) eða [www.fjallaleidsogumenn.is](http://www.fjallaleidsogumenn.is)





### BAKÞANKAR

Páls Baldvins  
Baldvinssonar



## Auðvitað alveg ómissandi

Tilfinningin er svolítið yfirþyrmandi þó ég reyni mitt besta að láta ekki of mikið bera á því. Það er skrambi erfitt að leyna því – en mér tekst það samt furðuvel, er líka vanur. Búinn að vera í þessu svo lengi. Þess vegna er líka svo erfitt að hætta. Enda kann maður fátt annað. Og fólk úr mínu fagi það hefur svo víðtæka reynslu – sem getur reynst gífurlega víða – þess vegna eru líka margir kostir í stöðunni. Margir sem hafa lýst áhuga á kröftum mínum.

EN – eins og nánustu samverkamenn mínir hafa verið duglegir að segja mér: krafta minna er enn vænst á þessum vettvangi – ekki að ég sé ómissandi – það er enginn ómissandi. Jafnvel ekki ég, þótt margir hafi komist þannig að orði við mig.

VITASKULD settu veikindin strik í reikninginn, en ég hristi þau af mér eins og hverja aðra slæmsku. Ég er líka svo slæmur sjúklingur. Jafnvel þegar ég var alveg frá bæði á sterkum lyfjum og sárkvalinn þá var ég með hugann við helstu verkefni á skrifstofunni, gat ekki slitið mig frá því sem var á borðinu mínu. Ég hafði að vísu frábæra aðstoðarmenn, fólk sem hefur flutt með mér hvert sem ég hef farið og ég gæti ekki verið án, það leitar til mín um allt, smátt og stórt, og við vinnum svo vel saman.

ÉG er ekki háður vinnunni og enn síður er ég til í að samþykkja að ég sé valdasjúkur, ég vil bara ráða mínu og hleypst ekki undan ábyrgð. Það er ekki til í minni orðabók. Ég lýk þeim verkum sem ég hef tekið að mér, jafnvel þótt sumir vilji koma mér út og geri mér erfitt fyrir. Það var mér ungum kennt: að gefast ekki upp fyrr en í fulla hnefana og láta ekki mitt fyrir neinum.

AUÐVITAÐ færir maður fórnir fyrir hugsjónir sínar og völdin taka á þegar þau hafa íþyngt manni hátt á þriðja áratug og ég vildi oft óska þess að unga kynslóðin væri ákafari að taka við af okkur sem eldri eru. En hana vantar bara svo mikla reynslu og þess vegna er maður í þessu enda, eins og maður sé bara alveg ómissandi."



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 3. mars,  
62. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.28	13.40	18.53
Akureyri	8.16	13.24	18.34

Heimild: Almanak Háskólans

# KING KOIL



**25%  
AFSLÁTTUR!**

# HEILSURÚM

Sökum efnahagsástandsins hefur Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar ákveðið að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil rúmunum.

Með þessu vill hann þakka fyrir þá tryggð og þau viðskipti sem Íslendingar hafa átt við hann í gegnum árin. Um er að ræða takmarkað magn.

**Komdu og fáðu þér gæða rúm á góðum afslætti.**

Með öllum keyptum rúmunum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum aukahlutum í mjúku deild Rekkjunnar.

#### CASTAWAY

- 7 sveðaskipt svefnsvæði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða stökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tíhert sérvallid stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

#### CASTAWAY

Queen size (153x203)  
Verð 220.000 kr.  
**KK-TILBOD  
165.000 kr.  
= 55.000 kr.  
AFSLÁTTUR!**



#### ADVENTURE

- 7 sveðaskipt svefnsvæði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrjústjórnunarsvampi og latexi sem skortir er með leysi (lesar).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna stökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

#### AVERY

Queen size (153x203)  
Verð 155.000 kr.  
**KK-TILBOD  
116.250 kr.  
= 38.750 kr.  
AFSLÁTTUR!**



#### AVERY

- 5 sveðaskipt svefnsvæði
- 3 sveðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða stökun
- Studningur við bak
- Tíhert sérvallid stál í gormum
- Steyptir kantar
- Þarf ekki að snúa

#### ADVENTURE

Queen size (153x203)  
Verð 303.900 kr.  
**KK-TILBOD  
227.925 kr.  
= 75.975 kr.  
AFSLÁTTUR!**



## FERMINGARTILBOD 30% AFSLÁTTUR!

Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegan hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.

**COMFORT ZONE**  
(120x200)  
Verð 132.900 kr.

**FERMINGARTILBOD  
93.030 kr.**

**COMFORT ZONE**  
(97x200)  
Verð 116.900 kr.

**FERMINGARTILBOD  
81.830 kr.**



#### COMFORT ZONE

- 5 sveðaskipt svefnsvæði
- 5 sveðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrjústjórnunarsvampi í svefnsvæði

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða stökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

# rekkjan